

Samfélagsskýrsla 2025



Alcoa



01	Um skýrsluna	3
02	Yfirlýsing framkvæmdastjórnar	5
2.1	Skipurit Alcoa Fjarðaáls	7
03	Ávarp forstjóra	13
04	Stefna um samfélagsábyrgð	15
4.1	Mannauður	17
4.2	Umhverfi	17
4.3	Efnahagur/virðisdeðja	17
4.4	Samfélag	18
05	Samfélagsmarkmið 2026	19
06	Starfsemi Alcoa Fjarðaáls	21
6.1	Framleiðsluferli	23
6.2	Stjórnarhættir	23
6.3	Vottanir	23
6.4	Framleiðsluferli Alcoa Fjarðaáls	27
07	Umhverfi	29
7.1	Tilkynningar	31
7.2	Umhverfisupplýsingar	31
7.3	Hráefnis- og auðlindanotkun	31
7.4	Losun í andrúmsloft	33
7.4.1	Losun gróðurhúsalofttegunda	35
7.5	Flúor í grasi – umhverfisvöktun	35
7.6	Hávaði	35
7.7	Úrgangsmál – hringrás	38
7.8	Frárennsli	38
7.9	Samfélagsmarkmið 2025 – árangur	39
08	Mannauður	41
8.1	Vinnustaðurinn	44
8.1.1	Starfsánægja	44
8.1.2	Vinnustaðarmenning	44
8.1.3	Kjaramál	44
8.2	Samsetning vinnuafis og velta starfsfólks	46
8.3	Jafnréttismál	46

8.3.1	Jafnlaunavottun	47
8.4	Starfs- og siðareglur	47
8.5	Öryggi	47
8.5.1	Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi	48
8.6	Heilsa og velferð	48
8.6.1	Nýtt vaktakerfi	48
8.6.2	Velferðarþjónusta	49
8.6.3	Heilsueflingarnefnd	49
8.6.4	Heilsugæsla	49
8.7	Hlunnindi fastráðins starfsfólks	50
8.8	Starfsþróun og endurmenntun	50
8.9	Samfélagsmarkmið 2025 – árangur	52

09	Samfélag	55
9.1	Efst á baugi	57
9.2	Hagsmunaaðilar	60
9.2.1	Könnun meðal íbúa	60
9.2.2	Góð samskipti og upplýsingagjöf	61
9.3	Styrkir til góðra verka	61
9.3.1	Styrktarsjóður Alcoa Fjarðaáls	61
9.3.2	Styrkir frá Alcoa Foundation	63
9.4	Sjálfbær þróun á Austurlandi	64
9.5	Samfélagsmarkmið 2025 – árangur	66

10	Efnahagur og virðisdeðjan	67
10.1	Almennar upplýsingar	69
10.2	Lykiltölur	69
10.3	Fjármögnun fyrirtækisins	69
10.4	Samstarf við birgja	69
10.5	Samfélagsmarkmið 2025 – árangur	71

11	GRI – yfirlitstafla	73
-----------	----------------------------	----

12	Stefnuyfirlýsing Alcoa Fjarðaáls	83
-----------	---	----

Alcoa Fjarðaál sf. hefur gefið út samfélags- skýrslur frá árinu 2016 og er nú að birta sína tíundu skýrslu samkvæmt alþjóðlega staðlinum GRI Standard (Global Reporting Initiative). Markmiðið með skýrslunni er að tryggja gagnsæi í starfseminni með því að miðla upplýsingum um árangur, stöðu verkefna og helstu áhrif fyrirtækisins á umhverfi, mannauð, efnahag og virðiskeðju.

Alcoa leitast við að vera fyrirmynd í samfélagsábyrgð og hefur sett sér stefnu sem meðal annars felur í sér að draga kerfisbundið úr umhverfisáhrifum frá starfseminni. Umhverfisþættir eru veigamikill hluti skýrslunnar. Á árinu 2025 var lögð sérstök áhersla á að draga úr losun og styrkja aðgerðir sem stuðla að bættri nýtingu auðlinda og minnkunar á umhverfisáhrifum, bæði innan fyrirtækisins og í samstarfi við birgja og aðra hagaðila í virðiskeðjunni. Jafnframt leggur Alcoa Fjarðaál áherslu á að vera ábyrgt fyrirtæki í samfélaginu. Þá er lögð áhersla á að starfsemin hafi jákvæð áhrif og stuðli að uppbyggingu starfsvettvangs þar sem öll kyn hafa jöfn tækifæri til að þróast í starfi.

Alcoa er aðili að alþjóðlegum sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ábyrga viðskipta- hætti (UN Global Compact) í gegnum móðurfélag sitt og hefur jafnframt skuldbundið sig frá árinu 2012 til að vinna samkvæmt meginreglum Jafnréttissáttmála UN Women. Þá hefur fyrirtækið verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, frá 2014 og er þátttakandi í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar sem felur í sér skuldbindingu um að draga úr myndun úrgangs og losun gróðurhúsalofttegunda.

Hópur starfsfólks hefur séð um gerð skýrslunnar í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Langbrók ehf. Efnistöð skýrslunnar byggja á greiningu á þeim þáttum starfseminnar sem hafa bein áhrif á umhverfi, samfélag og efnahag. Við gerð hennar er jafnframt horft til viðhorfs innri og ytri hagaðila við mat á helstu áhersluþáttum. Starfsfólk hefur tekið þátt í að móta meginmarkmið fyrirtækisins á sviði samfélagsábyrgðar.

Mælingar í skýrslunni endurspeglar þá þætti sem helst tengjast starfseminni og eru settar fram í eftirfarandi köflum: umhverfi, mannauður, samfélag, virðiskeðja og efnahagur. Stýrihópur skýrslunnar heyrir undir forstjóra Alcoa Fjarðaáls, sem ber ábyrgð á samfélags- og sjálfbærnimálum fyrirtækisins.



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Sjálfbærni er rauður þráður í stefnu og starfsemi Alcoa Fjarðaáls. Við innleiðum stefnu okkar með því að:

- Setja skýr markmið og mælikvarða í umhverfis- og samfélagsmálum.
- Fyrirbyggja mengun eins og kostur er og draga úr umhverfisáhrifum með ábyrgri hráefnanotkun, orkunýtingu, innleiðingu hringrásarferla og vöktun á losun frá starfsemi.
- Styðja við samfélagið með langtímasamstarfi við hagsmunaaðila og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.
- Innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu okkar um samfélagsábyrgð.

Góðir stjórnarhættir

Góð samskipti við starfsfólk og hagsmunaaðila er lykilþáttur í stjórnarháttum Alcoa Fjarðaáls. Fyrirtækið leggur áherslu á gagnsæi, ábyrgð og traust í öllum þáttum rekstursins. Við fylgjum eftir þessum áherslum með því að:

- Starfa samkvæmt Global Compliance Program Alcoa Corporation, sem tryggir siðferðilega ákvarðanatöku og reglulega fræðslu fyrir starfsfólk um góða stjórnarhætti.
- Hafa skýrar boðleiðir til að tilkynna áhyggjur eða mögulegt misferli í gegnum Heilindalínu (Integrity Line).
- Innri og ytri úttektir eru framkvæmdar reglulega til að meta hvort stjórnarhættir Alcoa Fjarðaáls séu í samræmi við viðeigandi lög, reglur og viðurkenndar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti.

Fylgni við GRI og gagnsæi í upplýsingagjöf

Við fylgjum alþjóðlegum viðmiðum um sjálfbærnisráslugerð og birtum árlega sjálfbærniupplýsingar í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI). Þannig tryggjum við skýra, samanburðarhæfa og rekjanlega upplýsingagjöf til allra hagsmunaaðila um umhverfisáhrif, samfélagsábyrgð og efnahagslega frammistöðu fyrirtækisins.

Við hjá Alcoa Fjarðaáli höfum skýra framtíðarsýn og vinnum stöðugt að því að bæta starfsemi okkar í takt við sjálfbærnimarkmið, samfélagslegar skyldur og bestu starfsvenjur í stjórnarháttum.


Fyrir hönd framkvæmdastjórnar,



Fernando Costa,
forstjóri Alcoa Fjarðaáls



2.1 Skipurit Alcoa Fjarðaáls



Fernando Costa,
forstjóri

Fernando Costa tók við stöðu forstjóra Alcoa Fjarðaáls í nóvember 2023. Hann kom til Reyðarfjarðar frá Pittsburgh í Bandaríkjunum þar sem hann sinnti starfi svæðisstjóra Viðskiptakerfis Alcoa (ABS) í Norður-Ameríku. Fernando hóf störf hjá álverinu Alumar í Brasilíu árið 2002 og starfaði þar við ferlaþróun og rekstur kerskála. Árið 2015 flutti hann til Bandaríkjanna og tók við starfi tæknistjóra í Wenatchee-verksmiðjunni og leiddi síðar rekstur málmvinnslu fyrirtækisins. Árið 2017 tók hann þátt í að koma rekstri álversins í Warrick aftur af stað eftir hlé og stýrði framleiðslu forskauta.

Fernando er með Executive MBA frá Háskólanum í Pittsburgh og MBA gráðu frá Fundação Getulio Vargas í Brasilíu.



Vigdís Diljá Óskarsdóttir,
stjórnandi samskipta- og samfélagsmála

Vigdís Diljá gekk til liðs við Alcoa Corporation í febrúar 2024 og er stjórnandi samskipta- og samfélagsmála Alcoa á Íslandi. Hún hefur starfað sem fréttamaður og við dagskrárgerð í sjónvarpi og sinnti áður starfi verkefnastjóra hjá sveitarfélaginu Múlaþingi.

Vigdís Diljá er með B.A. gráðu í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri.



Rakei Þráinsdóttir,
innkaupastjóri

Rakei hefur starfað sem innkaupastjóri frá október 2024 og gekk til liðs við Alcoa árið 2022 sem innkaupasérfræðingur. Áður starfaði hún sem lögfræðingur hjá sýslumanni, yfirskattanefnd og Skattinum.

Hún er með meistaragráðu (Mag. jur.) í lögfræði frá Háskóla Íslands.



Smári Kristinsson,
framkvæmdastjóri framleiðslu

Smári hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra álframleiðslu frá 2023. Hann gekk til liðs við Alcoa árið 2006 sem ferliseigandi í kerskála. Árið 2008 tók hann við starfi framkvæmdastjóra steypuskála og gegndi því til 2014 þegar hann varð framkvæmdastjóri kerskála. Árið 2018 tók hann jafnframt við stýringu skautsmiðju. Hann var framkvæmdastjóri framleiðsluþróunar frá 2019–2021 og sinnti stöðu framkvæmdastjóra mannauðsmála frá 2021–2023.

Smári er með B.Sc. gráðu í stjórnunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri.



Margrét Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri mannauðsmála

Margrét gekk til liðs við Alcoa Fjarðaál sumarið 2025 og tók við stöðu framkvæmdastjóra mannauðsmála. Hún býr yfir víðtækri reynslu af mannauðsmálum og hefur meðal annars starfað sem mannauðsstjóri yfir áratugaskeið, þar á meðal hjá Icelandic Mountain Guides og Newrest Iceland.

Margrét er með þrjár MBA-gráður, tvær í mannauðsmálum og eina í alþjóðaviðskiptum frá háskólum í Bretlandi, Sviss og Spáni, auk B.Sc. í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri.



Júlíus Brynjarsson,
framkvæmdastjóri ABS & UT

Júlíus hóf störf hjá Alcoa Fjarðaáli árið 2006 sem verkfræðingur og starfaði til ársins 2015 sem yfirverkfræðingur í skautsmiðju, umhverfistækniteymi og í kerskála. Árið 2015 varð hann framkvæmdastjóri skautsmiðju og árið 2018 tók hann við stöðu framkvæmdastjóra steypuskála. Júlíus hefur verið framkvæmdastjóri ABS frá apríl 2022 og sinnti jafnframt starfi framkvæmdastjóra umhverfis-, heilsu- og öryggismála frá febrúar 2022 til ársloka 2023. Á árunum 2024–2025 gegndi hann samhlíða störfum framkvæmdastjóra ABS og UT. Í byrjun árs 2026 lét Júlíus af störfum hjá Alcoa Fjarðaáli þegar hann var ráðinn til starfa sem stjórnandi ABS hjá Alcoa í Evrópu.

Júlíus er með B.Sc.-gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc.-gráðu í framleiðslu og vörühönnun frá Danmarks Tekniske Universitet.



Svanhildur Björg Pétursdóttir,
framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika

Svanhildur Björg tók við stöðu framkvæmdastjóra viðhalds, áreiðanleika og upplýsingatækni í nóvember 2023. Hún hóf störf hjá Fjarðaáli árið 2019 sem rekstrarstjóri viðhalds skautsmiðju, umhverfis og hafnar. Svanhildur starfaði sem verkefnastjóri hjá VHE á árunum 2015–2019 og áður sem vélfræðingur.

Hún lauk vélstjórn og rafvirkjun frá Verkmenntaskólanum á Akureyri árið 2012, véliðnfræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2016 og viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2022.



Hlöðver Hlöðversson,
framkvæmdastjóri fjárfestinga

Hlöðver gekk til liðs við Alcoa árið 2016 sem verkefnastjóri fjárfestinga, en sinnti því hlutverki sem verktaki frá 2008–2016. Hann tók við stöðu framkvæmdastjóra fjárfestinga snemma árs 2024. Áður starfaði Hlöðver sem forstjóri Reykjalundar Plastiðnaðar.

Hann er með meistaragráðu í iðnrekstrarverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku.



Óskar Sigurbergur Jónsson,
framkvæmdastjóri verktakaþjónustu

Óskar tók við starfi framkvæmdastjóra verktakaþjónustu í maí 2025. Hann hefur starfað hjá Alcoa Fjarðaáli í tæp 20 ár. Hann starfaði sem framleiðslusérfræðingur í kerskála 2006–2009, var verkefnastjóri yfir byggingu og rekstri kersmiðju Fjarðaáls 2009–2014 og verkefnastjóri í fjárfestingateymi Alcoa Fjarðaáls 2014–2025.

Óskar er með B.Sc. gráðu í tæknifræði frá Tækniháskóla Íslands.



Runólfur hóf störf sem framkvæmdastjóri fjármála hjá Alcoa Fjarðaáli í janúar 2025. Áður en Runólfur gekk til liðs við Alcoa starfaði hann sem endurskoðandi hjá Deloitte þar sem hann sinnti ráðgjafarstörfum og endurskoðun á stórum og millistórum félögum á Íslandi. Runólfur er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og M.Acc. gráðu í reikningskilum og endurskoðun frá sama skóla.

Árið 2023 hlaut Runólfur löggildingu til endurskoðunar frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu (nú atvinnuvegaráðuneytinu).

Runólfur Sveinn Sigmundsson,
framkvæmdastjóri fjármála



Ásgrímur tók við starfi framkvæmdastjóra kerskálaþjónustu árið 2025. Hann hafði áður verið framkvæmdastjóri málmvinnslu frá apríl 2022 og þar á undan framkvæmdastjóri viðhalds og áreiðanleika frá 2017. Ásgrímur hóf störf hjá Alcoa Fjarðaáli árið 2007 sem framleiðslusérfræðingur í steypuskála og var ferliseigandi málmvinnslu frá 2012. Á árunum 2015–2016 starfaði hann í miðlægu steypuskálateymi móðurfélagsins og sinnti ráðgjöf víða innan Alcoa.

Hann er með B.Sc. í véltækni frá Háskólanum í Reykjavík og diplómu í verkefnastjórnun.

Ásgrímur Sigurðsson,
framkvæmdastjóri kerskálaþjónustu



Ivar hóf störf sem tæknistjóri kerskála í desember 2024. Áður starfaði hann sem stjórnandi við endurræsingu kerskála hjá Alcoa Alumar í Brasilíu. Hann hóf starfsferil hjá Alcoa árið 2005 sem starfsnemi, starfaði sem framleiðslusérfræðingur 2008–2014 í Alumar og gekk til liðs við Alcoa í Wenatchee árið 2014. Á árunum 2015–2021 starfaði hann hjá Hydro í Brasilíu.

Ivar er með B.Sc. í málm-tækni frá Federal Fluminense University og MBA frá Fundação Getulio Vargas.

Ivar Sousa,
framkvæmdastjóri tæknimála



Davíð Þór tók við starfi framkvæmdastjóra málmvinnslu árið 2025. Hann hafði áður verið framkvæmdastjóri kerskála frá ársbyrjun 2024 og áður framkvæmdastjóri álframleiðslu í tæpt ár. Davíð starfaði sem svæðisstjóri Eimskips á Austurlandi frá 2019 og var áður hjá Alcoa Fjarðaáli 2006–2014, þar sem hann starfaði í innkaupum, fjármálum og síðar sem verkefnastjóri útflutnings og gæða í steypuskála.

Hann er með B.Sc. í viðskiptafræði (Háskólinn á Bifröst, 2006) og meistaraþáttunni í alþjóðaviðskiptum frá sama skóla (2014).

Davíð Þór Sigurðarson,
framkvæmdastjóri málmvinnslu



Kristinn Már tók við starfi framkvæmdastjóra kerskála árið 2025. Hann hafði þá sinnt starfi framkvæmdastjóra kerskálaþjónustu frá upphafi árs 2024 og var áður framkvæmdastjóri tæknimála álframleiðslu. Kristinn hefur starfað hjá Alcoa Fjarðaáli frá 2011, fyrst sem verkfræðingur í tækniteymi kerskála, síðar sem tæknistjóri skautsmiðju og umhverfis 2017–2019 og frá 2019 sem tæknistjóri kerskála, skautsmiðju og kersmiðju.

Hann er með B.Sc. og M.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Kristinn Már Ingimarsson,
framkvæmdastjóri kerskála



Helgi hóf störf sem framkvæmdastjóri umhverfis, heilsu og öryggis hjá Alcoa Fjarðaáli í upphafi árs 2024. Hann starfaði áður hjá Fjarðaáli á árunum 2006–2011 og hefur síðan aflað sér víðtækrar alþjóðlegrar reynslu innan Alcoa-samstæðunnar. Helgi var framkvæmdastjóri heilbrigðis- og öryggismála hjá Ma'aden í Sádi Arabíu á tímabilinu 2011–2015. Á árunum 2015–2019 starfaði hann hjá Alcoa í Englandi sem svæðisstjóri EHS fyrir nokkrar sérhæfðar verksmiðjur í Evrópu. Hann tók síðan við starfi framkvæmdastjóra EHS hjá Alcoa í Mosjøen 2019–2022, áður en hann varð framkvæmdastjóri álframleiðslu þar á árunum 2022–2023.

Helgi er með meistaraþáttunni í stjórnun frá Háskólanum í Liverpool.

Helgi Einarsson,
framkvæmdastjóri umhverfis, heilsu og öryggis

Á árinu 2025 áttu sér stað ýmsar breytingar bæði í rekstrarumhverfi okkar og hjá fyrirtækinu sjálfu. Á þessu tímabili innleiddum við nokkrar lykiláætlanir sem miðuðu að því að efla öryggi og bæta vinnuumhverfið okkar. Með aðhaldi, samvinnu og ákveðni tókst teymin okkar að skila árinu 2025 sem ári sem við getum verið stolt af.

Við lögðum af stað í umbreytingarferðalagið einráðin í því að styrkja grunnþætti starfseminnar: öryggisvitund, vinnuumhverfi, stöðugleika og framleiðni. Á síðustu tveimur árum hefur þessi viðleitni skilað mælanlegum framförum um allt álverið. Heildartími spennurisa í kerskála hefur ekki verið styttri frá því 2018, fjöldi notaðra rafskauta á hvert tonn af framleiddu áli hefur ekki verið eins lítil síðan álverið hóf starfsemi sína og hreinleiki málma náði besta árangri sem skráður hefur verið.

Öryggisvitund okkar allra jókst verulega þegar við innleiddum mikilvæg verkefni eins og STOPPAÐU fyrir öryggi, viðveru stjórnanda á vettvangi (LTIF) og endurskipulagningu umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismála (EHS), sem hönnuð voru til að styðja betur við starfsemi í fremstu víglínu. Jafnframt fjárfestum við mikið í umbótum í umhverfismálum í kerskála með mikilli áherslu á að draga úr flúorlosun.

Í nóvember 2025 skiluðu þessar fjárfestingar sér í merkilegum áfanga:

0,08 kg F/tonn Al — minnsta flúorlosun sem mælst hefur í einum mánuði hjá Fjarðaáli.

Rekstrarafköst héldu einnig áfram að batna. Hvarvetna í álverinu náðu teymin okkar sterkri straumnýtni, bættum stöðugleika og stöðugri framleiðslu. Þessi árangur endurspeglar ekki aðeins tækniframfarir heldur einnig þróun á menningunni í átt að ábyrgð, samræmi og framúrskarandi árangri.

Þegar við lítum fram á veginn er mikilvægt að skilja að til þess að viðhalda frábærum árangri þarf mikla ábyrgð. Í þeirri viðleitni að viðhalda árangri þurfum við sama aga og sömu einbeiti og við beittum til að ná honum. Kyrrstaða er ekki valkostur — í stöðugt kröfuharðara samkeppnisumhverfi er kyrrstaða örugg leið til að tapa fótfestu.

Vegurinn framundan krefst þess að við höldum áfram að styrkja þau verkefni sem við höfum unnið hörðum höndum að byggja upp, hugum að grunnatriðunum á hverjum degi og hlúum að menningunni sem hefur stutt við framfarir okkar. Við munum í sameiningu halda áfram að stýra Fjarðaáli í átt að öruggari, stöðugri og afkastameiri rekstri.



Fernando Costa,
forstjóri Alcoa Fjarðaáls



04 Stefna um samfélagsábyrgð

Áherslur Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð endurspeglar markmið og stefnu fyrirtækisins um að laga starfsemi sína að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Meginmarkmiðið er að ná jafnvægi milli starfsemi fyrirtækisins og umhverfis-, efnahags- og samfélagslegra þátta. Frá upphafi starfseminnar hefur átt sér stað vöktun umhverfis-, samfélags- og efnahagsvísa og þeim upplýsingum verið miðlað á vefsíðunni sjalfbaerni.is.

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, umhverfisvænan og hagkvæman hátt í samræmi við kröfur starfsleyfis og gildandi laga og reglugerða. Stefna félagsins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og fela öðrum fyrirtækjum ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Með því stuðlar Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi og eflingu svæðisbundinnar verðmætasköpunar.

Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á að hlúa að mannauði sínum í samræmi við gildi móðurfélagsins um heilindi, árangur, umhyggju og hugrekki. Félagið hefur jafnframt innleitt heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og styðst við þau í framkvæmd samfélagsstefnu sinnar.

Samræming við Alcoa Global ESG

Aðferðafræði Fjarðaáls í samfélagsábyrgð er samræmd stefnu og framsetningu móðurfélagsins um umhverfis-, félags- og stjórnarhætti (ESG). Við speglum áherslur Alcoa Global um Approach to Sustainability, langtíamarkmið og efnisgreiningu og birtum frammistöðu með hliðsjón af GRI stöðlum. Þessi samræming tryggir að markmið, umbætur og stjórnarhættir Fjarðaáls séu í takt við heildarstefnu Alcoa og tryggir gagnsæi gagnvart hagsmunaaðilum.





4.1 Mannauður

Almenn velferð og öryggi starfsfólks eru ávallt í forgangi. Lögð er áhersla á helgun og virka þátttöku starfsfólks í starfsumhverfi sem hvetur til stöðugra umbóta og styður við þjálfun og menntun.

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að efla jafnrétti, fjölbreytileika og heilbrigða vinnustaðarmenningu. Fyrirtækið fylgir viðmiðum Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact og tryggir að allir einstaklingar hafi jafna möguleika á starfsþróun og úthlutun verkefna, óháð kyni, uppruna eða kynhneigð.

Við mótun mannauðsstefnu lítur Fjarðaál meðal annars til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna nr. 3 um góða heilsu og velferð og nr. 5 um jafnrétti kynjanna.

4.2 Umhverfi

Alcoa Fjarðaál fylgir stefnu móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Frammistaða er vöktuð með reglulegum mælingum og markvissum umbótum sem miða að því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og tryggja ábyrga nýtingu auðlinda.

Umhverfisfótspor fyrirtækisins hefur verið kortlagt með það að markmiði að lágmarka áhrif á innra og ytra umhverfi. Í starfseminni er unnið að stöðugum umbótum sem fela m.a. í sér betri auðlindanýtingu, minni úrgang og mengun og áframhaldandi samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Við stefnumótun í umhverfismálum eru höfð í huga heimsmarkmið nr. 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og nr. 13 um aðgerðir í loftslagsmálum.

4.3 Efnahagur / virðis_keðja

Samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls felst einnig í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni starfseminnar og skapa jákvæð efnahagsleg áhrif í nærsamfélaginu.

Alcoa Fjarðaál stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út stoðþjónustu til staðbundinna fyrirtækja sem geta þannig byggt upp og eflt eigin starfsemi samhliða rekstri álversins.

Félagið gerir strangar kröfur til birgja og þjónustuaðila varðandi umhverfis-, heilsu- og öryggismál og framlag þeirra til samfélagsábyrgðar. Birgjar þurfa jafnframt að

vera samkeppnishæfir í verði og þjónustu.


Við efnahagslega stefnumótun er horft til heimsmarkmiðs nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt.

4.4 Samfélag

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við alla hagsmunaaðila. Góðir og gegnsæir stjórnarhættir eru forsenda þess að treysta hag hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Fjarðaál vinnur náið með sveitarfélögum, stofnunum og öðrum hagsmunaaðilum að uppbyggingu samfélagslegra innviða, m.a. tengdum samgöngum, nýsköpun, menntamálum og félagsmálum. Þá leggja Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation til fjármuni til fjölbreyttra samfélagsverkefna, menningarviðburða og uppbyggingar á Austurlandi.

Mikil áhersla er lögð á að fyrirtækið sé virkur þátttakandi í nærsamfélaginu og að boðskapur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sé kynntur og studdur í starfseminni. Þessar áherslur endurspeglast vel í heimsmarkmiði nr. 17 um samstarf og samvinnu um markmiðin.



Samfélag

- Festa í sessi samfélagsfundi (Community Advisory Board) sem reglubundinn vettvangur fyrir skipulagt samtali við hagsmunaaðila á Austurlandi.
- Efla gagnsæi og upplýsingaflæði til hagsmunaaðila um samfélagslegt framlag Fjarðaáls.
- Halda árlegan úthlutunarviðburð Samfélagssjóðs Fjarðaáls, með áherslu á gagnsæi og sýnileika verkefna sem njóta styrkja.
- Efla sjálfböðastarf starfsfólks með því að fjölga tækifærum til þátttöku í Action verkefnum og öðrum samfélagsverkefnum.

Mannauður

- Móta stefnu um hæfni og mönnun, skilgreina hæfniviðmið, staðla ráðningarferli og þjálfunarleiðir.
- Styrkja móttöku- og starfsþróunarferli, með áherslu á aukna þátttöku starfsfólks og verktaka í fræðslu- og þróunarverkefnum.
- Styðja við frekara íslenskunám starfsfólks.
- Færa meira af fræðslu- og öryggisefni yfir í rafrænt form, í framhaldi af vinnu undanfarinna ára.
- Fylgja eftir tilraunum með breytingar á vaktakerfi og framkvæma kannanir á viðhorfum starfsfólks til breytinganna.
- Innleiða og festa í sessi samskiptaáætlun um öryggi með áherslu á að þróa öryggismenningu innan Fjarðaáls.

Umhverfi

- Tryggja að rekstur fyrirtækisins sé í fullu samræmi við ákvæði starfsleyfis. Skrá skal frávik frá starfsleyfis í viðeigandi kerfi.
- Tryggja að innri mörk fyrir losun mengandi efna í andrúmsloft, samanber töflu 1, séu uppfyllt. Mánaðarlegar niðurstöður skulu skráðar í innri gagnagrunn um leið og þær liggja fyrir.
- Bæta stjórnun og vöktun á myndun kjallaraefnis og tryggja að umframefni safnist ekki upp. Heildarframleiðsla á hreinni raflausn skal vera um 4.800 tonn á árinu og 2.000 tonn af umframkjallaraefni skulu endurnýtt í ferlum fyrirtækisins.

Efnahagur / virðisbætur

- Framleiða 353.079 tonn af áli árið 2026.
- Fylgja eftir markmiðum um aukinn stöðugleika og straumhækkun.
- Vinna að umbótum í raflausnarferli ker-skála með lækkun birgða af þekjuefni að leiðarljósi.

Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á gagnsæi og samfélagslega ábyrgð með markvissri og heildstæðri skýrslugjöf. Með henni er varpað skýru ljósi á árangur og áhrif starfseminnar á umhverfi, mannauð, efnahag og samfélag, í samræmi við vaxandi kröfur um sjálfbærni og ábyrga stjórnarhætti.




06 Starfssemi Alcoa Fjarðaáls

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, hagkvæman og samfélagslega ábyrgan hátt. Stefna fyrirtækisins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.

Alcoa Fjarðaál hóf framleiðslu á áli í álverinu við Reyðarfjörð í byrjun apríl 2007 og var framleiðslan komin í fulla afkastagetu í ágúst 2008. Framleiðsluheimild álversins í dag er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Á árinu 2025 framleiddi Alcoa Fjarðaál 351.059 tonn af áli í kerskála og heildarmagn vöru frá steypuskála voru 351.564 tonn af áli.

Fjöldi starfsfólks Alcoa Fjarðaáls var 574 árið 2025. Auk þeirra vinna að jafnaði um 250 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á lóð álversins við ýmis störf svo sem framleiðslu, viðhald, þjónustu og ráðgjöf.

Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu þann 13. desember 2024. Starfssemi fyrirtækisins fellur undir fyrirtækjaflokk 2.5, álframleiðslu, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gildistími starfsleyfisins er til 2040 og fer Umhverfisstofnun með eftirlit með starfssemi álframleiðslunnar.



6.1 Framleiðsluferli

Kerskáli

Framleiðsluheimild álversins í dag er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Á árinu 2025 framleiddi Alcoa Fjarðaál 351.059 tonn af áli í kerskála.

Steypuskáli

Á árinu 2025 skiptist framleiðslan upp í 56% álhleifa, 5% t-barrar, 17% melmistangir og 21% vír. 1% framleiðslunnar var frávikavara sem var seld til endurbræðslu. Heildarmagn vöru frá steypuskála voru 351.564 tonn af áli.

6.2 Stjórnarhættir

Alcoa Fjarðaál fylgir gildum og leiðbeiningum Alcoa Corporation um góða og ábyrga stjórnarhætti sem tryggja faglega og skilvirka starfsemi á öllum sviðum fyrirtækisins. Í rekstrinum er lögð áhersla á gagnsæi, ábyrgð og traust, og heilindi eru meðal grunngilda fyrirtækisins. Stjórnendur hvetja starfsfólk til að starfa af heiðarleika, fagmennsku og með opnum samskiptum, og þessi gildi eru studd með skýrum siðareglum og vinnureglum sem styðja við vandaða og siðferðilega ákvarðanatöku í daglegum verkefnum.



Fyrirtækið fylgir alþjóðlegum viðmiðum um góða stjórnarhætti og hefur komið á fjölbreyttum ferlum og verkfærum til að styrkja eftirlit og áhættustjórnun. Alcoa Fjarðaál starfar samkvæmt alþjóðlegri reglufylgniáætlun (Global Compliance Program) Alcoa Corporation, sem felur meðal annars í sér reglubundna fræðslu um siðferði og lagaramma, innri úttektir og skýrar boðleiðir fyrir starfsfólk til að tilkynna áhyggjuefni eða mögulegt misferli. Alcoa Fjarðaál styður einnig alþjóðleg viðmið á borð við Global Compact og fylgir bestu starfsvenjum á sviði sjálfbærni, vinnuréttar og ábyrgra stjórnarháttá.

Gagnsæi er lykilþáttur í stjórnarháttum fyrirtækisins. Árlega birtir Alcoa Fjarðaál sjálfbærniupplýsingar í samræmi við Global Reporting Initiative (GRI), sem veita hagsmunaaðilum skýrar, samanburðarhæfar og áreiðanlegar upplýsingar um áhrif starfseminnar á umhverfi, samfélag og efnahag.

6.3 Vottanir

Alcoa Fjarðaál starfar eftir samþættum stjórnkerfum sem uppfylla kröfur helstu alþjóðlegra staðla á sviði gæða, umhverfis, heilbrigðis og öryggis, jafnlauna og orkunýtingar. Fyrirtækið heldur áfram að



viðhalda stöðugum umbótum, markvissri og kerfisbundinni stjórnun, ásamt gagnsæi í rekstri og stóðst allar árlegar vottunarúttektir á árinu 2025.

ISO stjórnkerfisvottanir

Alcoa Fjarðaál er vottað samkvæmt eftirfarandi ISO stjórnkerfisstöðlum:

- *ISO 9001:2015 – gæðastjórnunarkerfi (Quality Management System)* sem setur fram kröfur um kerfisbundna nálgun á gæðum, stöðugar umbætur og að uppfylla væntingar viðskiptavina. Vottunin staðfestir að fyrirtækið hafi skýra sýn á þjónustu og afurðir, skilvirkar verklagsreglur og ferla sem tryggja rekjanleika, lagalegt samræmi og áreiðanlega þjónustu.

- *ISO 14001:2015 – umhverfisstjórnunarkerfi (Environmental Management System)* sem styður fyrirtækið við að greina, stýra og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

- *ISO 45001:2018 – stjórnunarkerfi fyrir heilbrigði og öryggi á vinnustað (Occupational Health and Safety)*. Staðallinn styrkir getu skipulagsheilda til að tryggja öruggt og heilbriggt vinnuumhverfi og styður við ábyrgar vinnuaðferðir.

- *ISO 50001:2018 – orkustjórnunarkerfi (Energy Management System)*. Staðallinn var innleiddur á árinu 2024 og felur í sér kerfisbundið ferli til að bæta orkunýtingu, lækka kostnað, draga úr kolefnisspori og auka skilvirkni. Alcoa Fjarðaál lauk tveimur stigum vottunarferlisins árið 2024 og hlaut formlega vottun í janúar 2025 án frávíka. Fyrirtækið er eitt það fyrsta á Íslandi til að innleiða þennan staðal.

Aðrar vottanir

- *IATF 16949:2016 – gæðastjórnunarstaðall bifreiðaiðnaðarins* sem tryggir að varahlutir og efni sem nýtast í framleiðslu bílaframleiðenda uppfylli strangar kröfur um öryggi, gæði og rekjanleika.

- *ASI – Aluminium Stewardship Initiative – alþjóðleg vottun fyrir álvinnslu og birgðakeðju (Performance Standard and Chain of Custody)*. Vottunin staðfestir samfélagslega ábyrga framleiðslu, ábyrga nýtingu hráefna og áreiðanlega stjórnun í virðis_keðju áliðnaðar. Alcoa Fjarðaál fékk bráðabirgðavottun árið 2020 og fullnaðarvottun árið 2021. Fyrirtækið er einnig hluti af vottun móðurfélagsins fyrir rekjanlega birgðakeðju. Næsta úttekt á ASI staðlinum fer fram árið 2027.

- *ÍST 85:2012 – Jafnlaunastaðall*. Alcoa Fjarðaál fékk vottun árið 2017 og var fyrsta stórfyrirtækið á Íslandi til að uppfylla kröfur staðalsins. Vottunin tryggir að formlegt, gagnsætt og kerfisbundið jafnlaunakerfi sé til staðar.


Úttektir 2025

Alcoa Fjarðaál stóðst allar árlegar úttektir árið 2025. Engin veruleg frávik voru skráð og staðfestu úttektirnar að stjórnkerfin væru vel innleidd, virk og í samræmi við kröfur staðlanna.




6.4 Framleiðsluferli Alcoa Fjarðaáls

Hráefni




Vinnsla



Útflutningur

Fljótandi ál er flutt úr kerskála yfir í steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Fjarðaál framleiðir álhleifa, vír og melmismtangir.



Helstu innfluttu hráefni Fjarðaáls koma annars vegar frá Ástralíu (súrál) og hins vegar frá Noregi (forskaut). Þá er álflúoríð flutt til landsins frá Noregi. Þegar súráli er landað í Mjóeyrarhöfn er það sogað upp úr lest skipsins og flutt með færíbandi í súrálssíló sem tekur 85 þúsund tonn.

Á árinu 2025 skiptist framleiðslan upp í 56% álhleifa, 5% t-barrar, 17% melmistangir og 21% vír. 1% framleiðslunnar var frávíkavara sem var seld til endurbæðslu.

Heildarmagn vöru frá steypuskála voru 351.564 tonn af áli.

668.886
Notkun á súráli í tonnum

4.976
Raforka í GWH³

5.994
Notkun á álflúoríði í tonnum

170.152
Ferskvatnsnotkun í M³

351.059
Ál frá kerskála í tonnum

1,55 t CO₂/t ál
Koltvísýringur (CO₂)

99,9%
Flúors endurnýttur í framleiðslu

14,17
Heildarflúor kg/t ál

194.099
Forskaut, tonn

12,26 kg/t ál
Brennisteinssambönd (SO₂)

44.773
Skautleifar til endurvinnslu í tonnum

0,059 t CO₂-íg /t ál
PFC efni

1.593
Álríkur úrgangur til endurvinnslu í tonnum

Í steypuskála er kælivatn til framleiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshreinsivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Aukaafurðir og spilliefni frá framleiðslu eru flutt til endurvinnsluaðila í Evrópu.

131 milljarðar
Útflutningsverðmæti í krónum (1.0 milljarður USD)

Framleiðsla steypuskála í tonnum:

196.853
Álhleifar

18.063
T-barrar


74.564
Vír

57.966
Melmi

4.135
Frábrigðavara

07 Umhverfi

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi með mótvægisaðgerðum og setur sér metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum ár hvert. Frá upphafi rekstrar álversins hefur fyrirtækið staðið fyrir umfangsmikilli umhverfisvöktun í Reyðarfirði í samræmi við vöktunaráætlun samþykka af Umhverfis- og orkustofnun. Niðurstöður umhverfisvöktunar eru birtar árlega í ársskýrslu sem er aðgengileg undir „umhverfismál“ á heimasíðu Alcoa Fjarðaáls og einnig á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Tilgangur umhverfisvöktunarinnar er að meta áhrif starfsemi álversins á umhverfið í nágrenni þess. Helsta uppspretta mengandi efna frá framleiðslunni í lofti er útblástur frá kerskálum. Hann losnar annars vegar út um rjáfur skálanna og hins vegar sem kergas, sem sogað er upp og hreinsað í þurrhreinisvirki.





7.2 Umhverfisupplýsingar

Lykiltölur varðandi framleiðslu, hráefnis- og auðlindanotkun koma fram í kafla 7.3 sem er tafla yfir umhverfisupplýsingar. Töfluna má sjá á bls. 32

7.3 Hráefnis- og auðlindanotkun

Framleiðsla áls í Kerskála árið 2025 var 351.059 tonn sem er aukning um rúmlega 10 þúsund tonn, eða um 3% samanborið við árið 2024. Framleiðsluaukninguna má að mestu rekja til áhrifa orkuskerðingar á árinu 2024 vegna slæms vatnsbúskapar í miðlunarlónum ásamt auknum stöðugleika í rekstri kerskálans.

Heildar rafmagnsnotkun á hvert framleitt tonn af áli var 14.174 kWst, sem er sambærileg raforkunotkun á hverja framleiðslueiningu milli ára. Ristími lækkaði milli ára. Hann var lægri á fyrri hluta ársins en hækkaði lítillega á síðari. Sú hækkun skýrist af breytingu á áherslum í kerstýringum sem miða að því að auka stöðugleika kerlínunnar og þar með fækka kerlekum, en kerlekar geta leitt til aukningar losunar PFC-efna frá starfseminni.

Losun CO₂ minnkaði milli ára þrátt fyrir framleiðsluaukningar og fleiri ker í rekstri. Losun CO₂ á hverja framleiðslueiningu lækkaði um 2% milli ára. Notkun álflúoríðs var svipuð og árið á undan, eða um 6.000 tonn. Heildarflúorlosun á hvert framleitt tonn áls var einnig sambærileg milli ára og var undir ársmeðaltali starfsleyfis. Flúor í grasi er mældur yfir sumartímann og voru mælingarnar 2025 undir viðmiðunarmörkum vöktunaráætlunar sumarið 2025, sjá nánar í kafla 7.5. Líkt og áður var fylgst með styrk vetnisflúoríðs í andrúmslofti á vöktunarstöðvum.

Árið 2025 var áfram unnið að úrbótum í kerstýringum og innleiðingu stærri skauta, sem stuðlar að auknum stöðugleika kerlínunnar. Samtals voru endurfóðraðar 70 kerskeljar í kersmiðju Alcoa Fjarðaáls, sem rekin er af verktökum. Alls voru notuð um 1.400 bakskaut til að fóðra skeljarnar. Líkt og undanfarin ár var notaður umhverfisvænni þjöppusalli í endurfóðrunarferlinu, samtals um 525 tonn.

Allt kælivatn frá iðnaðarferlum er hreinsað í vatnshreinsivirki Alcoa Fjarðaáls og endurnýtt í steypuskála. Vatnsnotkun fyrirtækisins er ein sú minnsta innan Alcoa-

7.1 Tilkynningar

Á árinu 2025 sendi fyrirtækið tíu formlegar tilkynningar vegna frávika eða til upplýsingagjafar til Umhverfis- og orkustofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands:

- Janúar: Tilkynning um hátt innihald olíu og fitu í fráveituvatni vestari tjarnarinnar.
- Maí: Tilkynnt um rafmagnsleysi í kerskálunum og að olíuinnihald í fráveituvatni olíuskilju hefði farið yfir starfsleyfismörk.
- Júlí: Tilkynning um breytingu á samstarfsaðila um rekstur vöktunarstöðva og um leka á framleiðsluvatni við sjókælingarkerfi varmaskiptarýmis.
- Ágúst: Tilkynning um sýnilega losun við löndun súrals og um olíuinnihald í fráveitu olíuskilju farartækjaverkstæðis sem var yfir starfsleyfismörkum.
- September: Tilkynning um rafmagnsleysi í kerskála.
- Nóvember: Tilkynning um rafmagnsleysi í kerskálunum og um ryklosun úr tveimur ryksöfnurum yfir starfsleyfismörkum.

Tafla 1 Umhverfisupplýsingar	Niðurstöður			Markmið 2025	Eining
	2023	2024	2025		
Framleiðsla					
Hreint ál	346.874	340.826	351.059		t
Hráefna og auðlindanotkun					
Súrál	663.918	651.810	668.886		t
Álflúoríð	6.485	6.064	5.968		t
Forskaut	196.486	189.964	194.099		t
Bakskaut	1.382	1.476	2.292		t
Vatnsnotkun	40.460	148.712	170.152		m ³
Raforka	4.997	4.893	4.976		GWh ¹
Própan (GSH220, GSH280)	159.422	251.455	341.879		l
Lífdísil -B10 (GHS07, GHS08, GHS09)					l
Dísilólía (GHS07, GHS08, GHS09)	435.129	394.733	387.352		l
Bensín (GHS02, GHS07, GHS08, GHS09)	10.318	12.768	15.599		l
Notkun varasamra efna (önnur en talin eru upp og auðkennd með varúðarmerkingum í framleiðslu og hráefnis og auðlindanotkun)					
Koltjörubik (GHS08)	402,5	435,5	525,0		t
Örveruhemjandi efni (GHS05, GHS09)	80	82	94		t
Smurólía og smurfeiti	43.538	38.570	28.332		l
Kælimiðlar	908	256	92		kg
Losun í andrúmsloft					
Heildarflúoríð	0,35	0,33	0,33	<0,31	kg/t áli
þar af loftkennt flúoríð	0,23	0,23	0,23		kg/t áli
þar af flúoríð í ryki	0,12	0,10	0,10		kg/t áli
Brennisteinssambönd sem SO₂	12,94	13,14	12,26	15,0	kg/t áli
þar af frá forskautum	11,58	11,67	11,16		kg/t áli
þar af frá súráli og COS	1,36	1,28	1,20		kg/t áli
Ryk	0,43	0,30	0,34	<0,4	kg/t áli
Koltvísýringur (CO₂)	1,58	1,58	1,55		t CO₂/t áli
Flúorkolefni (PFC)	0,073	0,083	0,059	<0,1	t CO₂-íg /t áli
Brennisteinshexaflúoríð (SF₆)	0,25	0	0,33		kg CO₂-íg /t áli
Úrgangur					
Til endurvinnslu/endurnýtingar	47.938	48.010	51.442		t
þar af skautleifar	42.663	41.532	44.773		t
þar af álfleytur	554	1.243	1.270		t
Úrgangur til brennslu orkuvinnsla	418	90	139		t
Úrgangur til urðunar	325	432	389		t
Spilliefni					
Til endurvinnslu/endurnýtingar	5.183	4.842	4.786		t
þar af kerbrot	0	0	0		t
þar af álgjall	1.612	1.651	1.593		t
Til urðunar	4.718	5.846	6.302		t
Til brennslu	114	186	186		t
þar af olíumenguð spilliefni	82	75	78		t
Aukaafurðir					
Raflausn (GHS07, GHS08, GHS09)	2.045	3.051	2.730		t
Mælingar í frárennsli til sjávar ²					
Olía og fita	<2-8	<2-11	<2-20		mg/l
Ál	0,42-0,98	0,18-0,70	0,25-3,3		mg/l
Flúor	10-11	3-15	2,1-12,5		mg/l

¹ 1 GWh jafngildir 1.000.000 kWh.

² Gildi gefin upp sem lægsta og hæsta mældu gildi fyrir árið.

Árangur betri en innra markmið Innra markmið náðist ekki



klukkustundir. Aksturstími rafmagnsökutækja jókst milli ára um 3,6% og hefur bein áhrif á díselnotkun til lækkunar. Sjá nánar um aksturstíma ökutækja í töflu 2. Própan er aðallega notað til forhitunar á búnaði í steypuskála, m.a. mótum á hleifasteypuvél. Notkun á própangasi jókst milli ára um 90.423 l. Hluta skýringarinnar á því er að árið 2025 voru 3 nýjar áldeiglu teknar í notkun sem þurfa sérstakra forhitun og það var áskorun að finna hagkvæma og jafnframt örugga leið til reksturs brennara sem notaðir eru til þessa. Heildarnotkunin nemur aukinni losun CO₂ sem samsvarar um 97 tonnum CO₂ ígilda. Í töflu 3 er yfirlit yfir orkunotkun úr þeim eldsneytisgjöfum sem notaðir voru á svæðinu, en heildarorkunotkun í gígajúlum jókst um 21,2% árið 2025 miðað við árið á undan og kemur það aðallega til vegna meiri notkunar á bensíni og própani.

7.4 Losun í andrúmsloft

Stöðugleiki í starfsemi kerskála er lykilforsenda fyrir lítilli losun út í andrúmsloftið. Fjöldi rekstrarþátta getur haft áhrif á þennan stöðugleika, en stærsti einstaki áhrifavaldurinn á losun flúors og annarra efna er skautskipti. Mesta losunin á sér stað á meðan skautskiptin fara fram. Meiri stöðugleiki hægir á brennslu skauta og leiðir til betri nýtni þeirra í framleiðslu áls. Einnig dregur hann úr tíðni rísa í kerum og losun PFC-efna minnkar. Þá lækkar ristími, sem dregur úr losun PFC-efna. Samanlagt stuðla þessir þættir að færri rekstrarvandamálum og minni heildarlosun frá starfseminni.

Fylgst er með losun helstu mengandi efna, þ.e. loftkennds flúoríðs (HF), ryks og brennisteinsdíoxíðs (SO₂) auk gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings (CO₂), flúorkolefna (PFC) og brennisteinshexaflúoríðs (SF₆). Upplýsingar um losun eru teknar saman í kafla 7.2 (Umhverfisupplýsingar). Heildarlosun flúors var 0,33 kg á hvert framleitt tonn af áli og er svipuð milli ára. Losunin var yfir innra markmiði fyrirtækisins en undir starfsleyfismörkum. Heildarlosun ryks var undir innra markmiði og mældist 0,30 kg á hvert tonn áls, sem er lækkun milli ára. Ryklosunin var vel undir starfsleyfismörkum. Losun brennisteinsdíoxíðs (SO₂) frá notkun forskauta var undir starfsleyfismörkum eða 11,16 kg SO₂ á hvert tonn áls. Losunin er svipuð milli ára (mynd 4). Fylgst er vel með brennisteinsinnihaldi í skautum og berast vikulega upplýsingar frá birgjum um niðurstöður efnagreininga þeirra.

samstæðunnar. Ferskvatnsnotkun hækkar milli ára og var 170.152 m³ árið 2025. Þar af nýttu hleifasteypuvél og HDC-steypuvélin í steypuskála Alcoa Fjarðaáls um 50.000 m³ og 11.114 m³ af vatninu í gegnum eimara árið 2025. Hreinsivirkíð hefur getu til að hreinsa 3.500 m³ af vatni á sólarhring og endurnýta í steypuskálanum. Meðaltalsuppgufun frá steypuvélum er 140 m³ á sólarhring, sem samsvarar um 40% uppgufun af rúmmáli kerfisins. Engu kælivatni frá iðnaðarferlum er veitt í frárennsli. Jafnframt er hluti varmans sem myndast frá kælikerfum nýttur til húshitunar og snjóbræðslu á lóð fyrirtækisins. Árið 2024 var gert átak í að mæla vatnsnotkun hjá fyrirtækinu með uppsetningu á vatnsmæli á inntakslögn og niðurstöður því mun marktækari en áður.

Samanlögð notkun jarðefnaeldsneytis á farartæki lækkaði frá fyrra ári um 4.551 l. Notkun á dísilolíu minnkaði úr 394.733 l í 387.352 l á milli árunna 2024 og 2025. Notkun á bensíni jókst hins vegar úr 12.768 l í 15.599 l. Skýringin á aukinni notkun tengist aðallega akstri ökutækja utan fyrirtækisins, utan aksturstíma farartækja er tengjast beint álframleiðslunni. Minni notkun á jarðefnaeldsneyti árið 2025 samsvaraði lækkun í losun um 4,8 tonn ígilda CO₂. Þegar aksturstímar ársins 2025 voru bornir saman við árið 2024 kom í ljós að aksturstími vinnutækja á álverslóð minnkaði um 1.089

Tafla 2

Samanburður aksturstíma ökutækja milli ára (klst.)

Ár	2023	2024	2025
Lyftarar	14.729	12.989	8.602
Rafmagnslyftarar	10.589	14.125	16.199
Deigjubílar	10.659	10.866	11.865
Skautbílar	19.703	18.869	18.883
Baðbílar	3.859	4.185	4.078
Ryksugubíll	2.311	2.227	2.276
Moksturstæki			
Flúorbíll	1.287	1.142	1.129
Sópbílar	44	112	394
Samtals	63.181	64.515	63.426
Aukning akstursstunda		1.334	
Minnkun akstursstunda	1.778		1.089
<small>Grófar tölur teknar úr METER skýrslu: - Benedikt Stefánsson/Kristinn Örn Sigurðsson</small>			
Akstur með rafmagnsökutækjum	16,8%	21,9%	25,5%

Tafla 3

Orkunotkun úr eldsneyti í gígajúlum

	2023	2024	2025	Hlutfallsleg breyting milli ára
Biodíesel 10%	0	0	0	0,00%
Díesel	18.456	16.679	16.517	-0,97%
Bensín	353	437	534	22,18%
Própan	14.874	23.461	31.897	35,96%
Samtals orkunotkun	33.683	40.577	48.948	20,63%
Minnkun		Aukning		





7.5 Flúor í grasi – umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun Alcoa Fjarðaáls er yfirgripsmikil og er framkvæmd í samræmi við vöktunaráætlun sem nær yfir helstu umhverfisþætti í Reyðarfirði, þar á meðal mælingar á loftgæðum og rannsóknir á gróðri. Niðurstöður vöktunarinnar eru kynntar í ársskýrslu sem kemur út í maí ár hvert, og er hún aðgengileg á vef Umhverfis- og orkustofnunar og vef Alcoa Fjarðaáls.

Mikilvægur hluti vöktunaráætlunarinnar eru mælingar á flúormagni í grasi, sem eru framkvæmdar með tilliti til heilbrigðis grasbíta á svæðinu. Gerðar eru sex mælingar yfir sumartímann, þ.e. tvær í júní, júlí og ágúst. Að hausti er tekið meðaltal allra sýna til að ákveða meðaltal sumarsins. Sýnin eru ávallt tekin á sama stað og með sömu aðferð svo þau séu samanburðarhæf.

Viðmiðunarmörk í vöktunaráætlun Alcoa Fjarðaáls eru 40 µg F/g í grasi að meðaltali utan þynningarsvæðis. Niðurstöður þessara mælinga eru sýndar á mynd 7. Meðalstyrkur flúors í grasi var 33,1 µg F/g, sem er undir viðmiðunarmörkum, en þó hækkun frá fyrra ári þegar gildin voru vel undir mörkunum.

Veðurskilyrði sumarið 2025 voru almennt hagstæð á Austurlandi. Júní var frekar kaldur en júlí og ágúst hlýir og mildir. Úrkoma var meiri í júlí og ágúst, en minnst í júní. Flúorstyrkur í grasi er vandlega vaktaður til að tryggja heilbrigði dýra í firðinum. Samstarf við bændur í Reyðarfirði hefur verið mjög gott og hafa dýralæknar skoðað búfé árlega. Engar vísbendingar hafa komið fram sem gefa til kynna að flúor í Reyðarfirði hafi haft áhrif á heilsu grasbíta.

Fólki stafar engin hættu af flúorútblastri frá verksmiðjunni. Í umhverfisvöktunarskýrslu má finna nánari upplýsingar um mælingar á gróðurfari í Reyðarfirði.

Starfsfólk fær reglulega fræðslu um umhverfisáhrif starfseminnar til að tryggja að það sé meðvitað um mikilvægi þess að lágmarka losun og halda uppi góðri vöktun á áreiðanleika mengunarvarnaránaðar.

7.6 Hávaði


Alcoa Fjarðaál mælir umhverfishávaða frá starfsemi sinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Þessar mælingar eru gerðar á

7.4.1 Losun gróðurhúslofttegunda

Losun koltvísýrings (CO₂) er reiknuð út frá notkun forskauta með massajafnvægisreikningum. Losun árið 2025 var 1,55 tonn CO₂ á hvert framleitt tonn áls og lækkar frá fyrra ári. Á mynd 6 sést losun flúorkolefna (PFC) sem CO₂-ígildi á árunum 2020–2025. PFC eru gróðurhúslofttegundir sem myndast við spennuris í kerum, og útblástur þeirra reiknaður út frá fjölda og tímalengd spennurisa. Árið 2025 voru losuð 0,059 tonn CO₂-ígilda af PFC efnum á hvert framleitt tonn af áli. Þetta samsvarar því að alls 2,99 tonnum af PFC-efnum var sleppt út í andrúmsloft á árinu 2025. Losun PFC-efna lækkar frá fyrra ári. Lækkunina má rekja til breyttra áherslna í kerstýringu sem leiddi til færri kerleka frá starfsemi kerskálans. Heildarlosun gróðurhúslofttegunda frá framleiðslu lækkaði milli ára um 3.505 CO₂-ígilda. Þessi heildarlækkun á losun gróðurhúslofttegunda átti sér stað þrátt fyrir aukna álframleiðslu og meiri notkun skauta.

Mynd 2


Losun heildarflúoríðs (kg/t ál)



TF Starfsleyfismörk

Mynd 3


Losun ryks (kg/t ál)



Ryk Starfsleyfismörk

Mynd 4


Losun brennisteinsdíoxíðs frá forskautum (kg/t ál)



SO₂ Skaut Starfsleyfismörk


Mynd 5

Losun koltvísýrings (t CO₂/t ál)




Mynd 6

Losun flúorkolefna sem CO₂-ígildi (t ígildi CO₂/t ál)



Mynd 7

Heildarniðurstöður flúor í grasi (µg/g)



Styrkur flúors í grasi. Bláa línan sýnir mörk til viðmiðunar fyrir grasbíta sem sett hafa verið í vöktunaráætlun.

Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum CO ₂ ígilda		Losun 2023 Tonn CO ₂	Losun 2024 Tonn CO ₂	Losun 2025 Tonn CO ₂	Milli ára
Scope 1* (bein losun)	Kolefnisnotkun	547.221	538.826	542.666	0,7%
	PFC	25.402	28.141	20.660	-26,6%
	Própan	245	384	519	35,0%
	Acetalýne	0,210	0,200	0,009	-95,4%
	Dísel	1,39	1,50	4,72	214,4%
Scope 2* (óbein losun)	Dísel	1.295,0	1.170,3	1.158,9	-1,0%
	Bensín	23,8	29,4	35,9	22,3%
	HFC	1.369,6	452,3	120,1	-73,4%
	SF ₆	87,8	0,0	117,1	100,0%
Scope 3* (óbein losun)	Notkun bílaleigubíla	320,9	276,8	396,6	43,3%
	Urðun og moltugerð Flutningur í urðun	14,5	324	39,9	23,3%

Minnkun Aukning

* „Scope“ vísar til uppruna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, þar sem 1 er beint frá framleiðslu, 2 óbein losun tengd orkunýtingu og 3 er önnur óbein losun.



fjögurra ára fresti samkvæmt mæliáætlun, eða oftast ef breytingar verða á rekstri, í samræmi við reglugerð 724/2008 um hávaða. Samkvæmt áætlun voru hávaðamælingar síðast framkvæmdar árið 2025 og voru niðurstöður undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar.

kerbrot og nú eru hafnar prófanir í samstarfi við hollenskt og breskt fyrirtæki. Vonast er til að unnið verði áfram að verkefninu á árinu 2026 og að endurvinnsluhlutfall fari þá aftur lækkandi.

Ákveðin ryktegund frá baðhreinsistöð og sellulósi, sem er lífrænn úrgangur frá vatnshreinsivirki, eru urðuð, en þetta er þó lítið hlutfall af heildarmagni úrgangs. Áfram verður leitað leiða til þess að lágmarka urðun og tryggja að kerbrot og annar úrgangur komist í nýtingarferli.

Mestur hluti úrgangs, eða um 98%, verður til vegna framleiðslunnar á meðan um 2% fellur til vegna almenns reksturs. Á mynd 8 má sjá hlutfall úrgangs og spilliefna annars vegar frá framleiðslunni og hins vegar frá almennum rekstri, auk hlutfalls þess úrgangs sem fór til urðunar.

Hreinsaðar forskautaleifar eru um 71% af því magni úrgangs sem sendur var til endurvinnslu. Þær eru endurunnar í Mosjøen í Noregi og nýttar í framleiðslu nýrra forskauta. Þetta samsvarar um 23% af heildarmagni innfluttra forskauta.

7.8 Frárennsli

Skólþ frá fyrirtækinu og nærliggjandi iðnaðarsvæði er meðhöndlað í hreinsivirki sem staðsett er á iðnaðarsvæðinu að Hrauni. Skólþið fer í gegnum fjögurra þrepa hreinsun áður en því er veitt til sjávar. Föstum efnunum úr skólphreinsistöð er komið til endurvinnslu

7.7 Úrgangsmál – hringrás


Alcoa Fjarðaál hefur þá sýn að allur úrgangur frá starfseminni geti verið endurnýttur eða enduruninn og að urðun sé aðeins notuð sem síðasti kostur. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á að finna leiðir til að koma úrgangi og spilliefnum frá framleiðslu til endurvinnslu. Flokkun á upprunastað er grundvöllur þess að meginhluti úrgangsins nýtist á ný. Jafnframt er almennt unnið að því að lágmarka myndun úrgangs.

Heildarmagn úrgangs á árinu 2025 var 62.716 tonn sem er hækkun um 3.309 tonn eða 5,6% frá fyrra ári. Aukninguna má helst rekja til meira magns forskautaleifa og kerbrota. Af heildarmagninu voru 89% endurunnin og 0,5% send til brennslu, aðallega innanlands. Til urðunar fóru 6.692 tonn, eða um 10,7% af heildarmagninu, sem er hækkun um 14,5% frá fyrra ári. Aukningin skýrist að mestu af herra magni kerbrota sem send voru til urðunar.


Frá árinu 2019 hefur ekki verið unnt að senda kerbrot í endurvinnslu líkt og áður, sem hefur leitt til lægra endurvinnsluhlutfalls undanfarin ár. Alcoa Fjarðaál hefur í samstarfi við móðurfélagið leitað leiða til að endurvinnna

Hlutfallsleg skipting og ráðstöfun úrgangs árið 2025

Uppruni 2025




Ráðstöfun 2025



Til urðunar

í tonnum



í jarðvegsgerð í tengslum við skógrækt. Hreinsivirkið er rekið af þriðja aðila. Frárennsli af svæðum þar sem unnið er með olíu eða efnavöru er leitt í gegnum olíuskiljur og frárennsli frá eldhúsi er leitt gegnum fitugildru. Eru þær tæmdar reglulega og olíumenguðu vatni komið í úrvinnslu hjá viðeigandi aðilum þegar við á. Yfirborðsvatn af iðnaðarlóð er leitt um settjarnir áður en það rennur til sjávar. Sýni eru tekin úr frárennsli tjarna að hausti og vori. Árið 2025 voru niðurstöður greininga undir starfsleyfismörkum. Niðurstöður mælinga á áli, olíu/fitu og flúoríðum eru gefnar upp sem hæsta og lægsta gildi í kafla 7.2. Niðurstöður mælinga voru svipaðar milli ára líkt og fyrri ár.

7.9 Samfélagsmarkmið 2025 – árangur

Ljúka við umhverfisáættumat Alcoa Fjarðaáls. Markmiðið náðist. Umhverfisáættumat fyrirtækisins var gert í samstarfi við móðurfélagið og því er lokið.

Ljúka við innleiðingu á nýju starfsleyfi Alcoa Fjarðaáls. Markmið náðist. Fyrirtækið fékk nýtt starfsleyfi í lok árs 2024 og hefur starfsemi þess tekið mið af því án vandræða.

Ljúka við áættumat vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi Alcoa Fjarðaáls. Markmiðið náðist. Áfram verður unnið að verkefninu.

Ljúka við umhverfisáættumat Alcoa Fjarðaáls. Markmiðið náðist. Umhverfisáættumat fyrirtækisins var gert í samstarfi við móðurfélagið og er lokið.



Hjá Alcoa Fjarðaáli starfar fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn. Árið 2025 voru fastráðnir starfsmenn um 574, þar af 75% karlar og 25% konur. Í framkvæmdastjórn félagsins voru 14 einstaklingar í lok árs, þar af þrjár konur.

Með útvistun verkefna sem ekki teljast til kjarnastarfsemi, skapar Alcoa Fjarðaál tækifæri fyrir önnur fyrirtæki til starfsemi og vaxtar á svæðinu. Þannig hefur fyrirtækið jákvæð áhrif á atvinnulíf á Austurlandi. Um 250 einstaklingar starfa á vegum annarra fyrirtækja innan álversins eða á álverssvæðinu og alls eru því um 800 störf tengd starfssvæði álversins í Reyðarfirði.

Verktakar hjá Alcoa Fjarðaáli starfa meðal annars við rekstur mótuneytis, þrif, verkfræðihönnun og framkvæmd fjárfestingarverkefna, akstur starfsfólks, innkaup og lagerhald á rekstrarvörum og varahlutum, við vélsmíði og viðhald, hafnarstarfsemi og vöruflutninga svo eitthvað sé nefnt. Þessi starfsemi verktaka endurspeglar breitt starfssvið sem hefur jákvæð áhrif á nýsköpun og þróun á svæðinu enda hafa mörg ný fyrirtæki orðið til í kringum þjónustu við Alcoa Fjarðaál.

Hjá Alcoa Fjarðaáli er lögð rík áhersla á að skapa öruggt vinnuumhverfi sem styður við starfsánægju og félagslega vellíðan. Teymisvinna og markviss leiðsögn eru grunnstoðir í daglegu starfi.



Starfsfólk fylgir ýmist vinnustaðarsamningi Alcoa Fjarðaáls, AFLs og RSÍ, eða er með einstaklingsbundna samninga þar sem launþróun fylgir samningi VR við SA.



Tafli 5	Búseta starfsmanna Alcoa Fjarðaáls		2020	2021	2022	2023	2024	2025
	Búseta í Fjarðabyggð		61%	62%	62%	62%	62%	62%
	Búseta á Fljótsdalshéraði		29%	30%	30%	26%	26%	29%
	Búseta annarsstaðar á Austurlandi		6%	0,4%	1,7%	5%	4%	0%
	Búseta annarsstaðar á landinu		4%	7,3%	5,8%	7%	7%	9%

Tafli 6	Nýráðningar		2021	2022	2023	2024	2025
	Fastráðningar		106	80	69	71	68
	Tímabundnar ráðningar		10	4	1	1	17
	Ráðningar sumarstarfsmanna		110	80	62	47	52
	Íhlaupastarfsmenn í tímavinnu		40	35	61	46	44

Tafli 7	Búseta nýráðinna starfsmanna Alcoa Fjarðaáls		2021	2022	2023	2024	2025
	Búseta í Fjarðabyggð		56%	60%	66%	70%	70%
	Búseta á Fljótsdalshéraði		15%	18%	17%	18%	18%
	Búseta annarsstaðar á Austurlandi		3%	2%	5%	3%	0%
	Búseta annarsstaðar á landinu		24%	20%	12%	9%	12%



8.1 Vinnustaðurinn

8.1.1 Starfsánægja

Vinnustaðarkönnun er lögð fyrir starfsfólk Alcoa á heimsvísu annað hvert ár. Á milli þeirra eru framkvæmdar styttri kannanir, svokallaðar „púlskannanir“, sem fyrst og fremst eru ætlaðar til að fylgja eftir framkvæmdaáætlunum sem mótaðar eru í kjölfar þeirra stærri.

Með reglulegum könnunum leitast Alcoa við að fylgjast með þeim þáttum sem hafa áhrif á árangur og ánægju í starfi, um leið og starfsfólki gefst kostur á að koma hugmyndum og ábendingum til úrbóta á framfæri nafnlaust. Niðurstöður könnunarinnar eru kynntar öllu starfsfólki og niðurstöður hvers teymis eru ræddar á teymisfundum þar sem áhersla er lögð á góða umræðu og skýrar aðgerðir til úrbóta. Þannig er stuðlað að markvissu samstarfi stjórnenda og starfsfólks um stöðugar umbætur.

Þátttaka í púlskönnuninni 2025 var 86% hjá Fjarðaáli, sem þykir mjög hátt hlutfall í svo stóru fyrirtæki. Góð þátttaka endurspeglar metnað starfsfólks og vilja þess til að hafa jákvæð áhrif á vinnustaðinn.


8.1.2 Vinnustaðarmenning

Teymi eru grunneiningar í skipulagi og stjórnun Alcoa Fjarðaáls. Vinnustaðarmenningin einkennist af öflugri samvinnu innan teyma og á milli þeirra, þar sem lögð er rík áhersla á góð samskipti, markvissu upplýsingaflæði og miðlun þekkingar.

Öryggi starfsfólks er leiðarstef í allri daglegri starfsemi og menningu fyrirtækisins. Allt starfsfólk fær viðeigandi þjálfun í öryggismálum áður en það hefur störf og reglulega endurmenntun á starfstíma sínum. Áhersla er lögð á ábyrgð hvers og eins á eigin öryggi, sem og að starfsfólk láti sig öryggi annarra varða.

Undanfarin ár hefur aukin áhersla verið lögð á skráningar tengdar öryggismálum, skýrari skilgreiningar á tegundum atvika, markvissar rannsóknir á þeim og eftirfylgni með umbótum. Starfsfólk er jafnframt hvatt til að leiðbeina hvert öðru í öryggismálum og stöðva verk ef það er í vafa um að öryggi allra sé tryggt. Með skýrum kröfum og sameiginlegri ábyrgð á öryggi byggist upp traust og sterk samheldni á vinnustaðnum.

Í þessu samhengi er byggt á grunngildum



fyrirtækisins – heilindum, árangri, umhyggju og hugrekki – sem leggja grunn að góðu starfsumhverfi og vellíðan á vinnustaðnum.



Á árinu 2025 áttu fastir viðburðir í félagslífi starfsfólks Alcoa Fjarðaáls sinn fasta sess. Teymi skipulögðu og héldu eigin viðburði. Tvær vel heppnaðar árshátíðir voru haldnar til að tryggja að starfsfólk í vaktavinnu ætti kost á að taka þátt. Líkt og fyrri ár bauð Alcoa Fjarðaál starfsfólki sínu og mökum á jólahlaðborð.

Starfsmannafélagið Sómi stóð fyrir árlegri aðventuskemmtun fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra. Viðburðurinn er jafnan vel sóttur og markar upphaf jólahalds hjá mörgum fjölskyldum.

Starfsfólki gefst kostur á að greiða mánaðarlegt framlag í Styrktarsjóð Starfsmannafélagsins Sóma. Þátttaka í sjóðnum er valfrjál og greiðir Alcoa Fjarðaál mótframlag. Úthlutað er úr Styrktarsjóðnum til þeirra, sem í hann greiða, vegna alvarlegra veikinda eða slysa í nánustu fjölskyldu.

8.1.3 Kjaramál

Nýr kjarasamningur Alcoa Fjarðaáls við AFL og RSÍ var undirritaður 19. september 2025. Samningurinn gildir frá 1. mars 2025 til 28. febrúar 2029. Fyrri samningur rann út í lok



febrúar 2025 og því tók nokkuð langan tíma að ná saman um nýjan samning. Samningurinn er sambærilegur við kjarasamninga sem önnur stóriðjufyrirtæki höfðu gert og tryggir starfsmönnum sambærilegar kjarabætur á samningstímanum. Ánægjulegt er að það hafi náðst samstaða um fjögurra ára samning sem tryggir starfsmönnum og fyrirtækinu fyrirsjáanleika næstu misserin.

Starfsfólki af erlendum uppruna hefur fjölgað hjá Alcoa Fjarðaáli á undanförunum árum, í takt við þróun á íslenskum vinnumarkaði sem einkennist af litlu atvinnuleysi, mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og aukinni samkeppni um starfsfólk. Fjölbreyttur hópur starfsfólks felur í sér fjölmörg tækifæri og verðmæti, en jafnframt áskoranir, einkum hvað varðar tungumál og samskipti.

8.2 Samsetning vinnuafils og velta starfsfólks

Jafnrétti og fjölbreytileiki hafa verið í forgrunni við mótun vinnustaðarmenningar Alcoa Fjarðaáls. Unnið hefur verið markvisst að því að jafna kynjahlutföll og byggja upp vinnustað þar sem allt starfsfólk nýtur jafnra tækifæra til að þróast í starfi. Árið 2025 var hlutfall kvenna hjá Alcoa Fjarðaáli 25%.

Alcoa Fjarðaál býður starfsfólki af erlendum uppruna íslenskukennslu þar sem notast er bæði við kennara og snjallausnina Bara tala. Unnið er eftir þeirri stefnu að íslenska sé fyrsta mál og enska annað mál, þannig að sé þekking á íslensku ekki til staðar er enska notuð til að tryggja gagnkvæman skilning. Þetta er fyrst og fremst gert með öryggissjónarmið að leiðarljósi en að auki til að skapa samheldni á vinnustaðnum og einfalda leiðir í samskiptum og upplýsingamiðlun.

Heildarstarfsmannavelta var 11% árið 2025 samanborið við 10% árið áður. Lögð hefur verið áhersla á að skerpa á skipulagi teyma og ábyrgð einstaklinga, tryggja skilvirk ferli og útrýma sóun í öllum ferlum. Ákvarðanatataka er byggð á gögnum og ákvörðunum og jafnan fylgt eftir með skýrum og skilvirkum hætti til að ná settum markmiðum, enda sýna tölur úr starfsemi ótvírætt að mikill árangur hefur náðst á mörgum sviðum framleiðslunnar.

8.3 Jafnréttismál

Jafnréttisáætlun Alcoa Fjarðaáls er unnin á grundvelli laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Áætlunin er jafnframt tengd grunngildum Alcoa á heimsvísu – heilindum, árangri, umhyggju og hugrekki – sem eru leiðarljós í starfsemi.

Í starfsauglýsingum fyrirtækisins eru störf

jafnan auglýst fyrir öll kyn og störf í álverinu eru hönnuð þannig að þeim megi sinna á öruggan hátt óháð kyni. Það er skýr stefna fyrirtækisins að skapa fjölskylduvænan vinnustað þar sem starfsfólki líður vel. Leitast er við að gera starfsfólki kleift að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Foreldrar eru hvattir til að axla jafna ábyrgð á uppeldi og umönnun barna.

Kynferðisleg og kynbundin áreitni sem og einelti eru ekki liðin hjá Alcoa Fjarðaáli og eru slík mál tekin föstum tókum. Komi upp mál af þessum toga er fylgt skýrum verkferlum til að tryggja öryggi, heilbrigði og velferð á vinnustaðnum.

Í jafnréttisáætlun fyrirtækisins eru skilgreindir ábyrgðaraðilar að úrbótum og reglulegri endurskoðun hennar. Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á að áætluninni sé framfylgt, en framkvæmdastjórn hefur yfirumsjón með eftirfylgni hennar og frávikum, með stuðningi jafnréttisnefndar Alcoa Fjarðaáls.

Innan móðurfélags Alcoa eru starfandi mannréttindahópar og tekur starfsfólk Alcoa Fjarðaáls þátt í vitundarvakningu þeirra.

Þessir hópar sem vísað er til eru EAGLE sem stendur vörð um og vekur athygli á baráttu LGBT+ fólks, tengslanet kvenna hjá Alcoa (AWN, Alcoa Women's Network) sem vekur athygli á stöðu kvenna og valdeflir þær í starfi, AWARE sem stendur fyrir menningarlegan fjölbreytileika auk ABLE hópsins sem hlúir að réttindum og tækifærum fatlaðs fólks á vinnumarkaði. Stjórnendur og tengiliðir hópanna halda alþjóðlegri stefnu Alcoa á lofti og útfæra framkvæmd hennar með þeim hætti sem viðeigandi er á hverjum stað.

8.3.1 Jafnlaunavottun

Alcoa Fjarðaál hefur verið með vottun samkvæmt jafnlaunastaðli velferðarráðuneytisins frá árinu 2017 og var fyrst stórfyrirtækja á Íslandi til að hljóta slíka vottun. Árið 2025 gekkst fyrirtækið undir úttekt sem staðfesti að starfað er samkvæmt skjalfestu verklagi og að kynbundinn launamunur mældist ekki.

8.4 Starfs- og siðareglur

Starfs- og siðareglur Alcoa eru vegvísir fyrir heilindi starfsfólks og góða stjórnarhætti. Markmiðið er að þær veiti skýra leiðsögn um viðmið félagsins varðandi viðskiptahætti



og endurspegli áherslur Alcoa á ábyrga starfshætti á heimsvísu. Reglurnar eru endurskoðaðar árlega og starfsfólk fær reglubundna og markvissa fræðslu í tengslum við þær.

Starfsfólk er hvatt til að tilkynna möguleg frávik eða brot á reglunum, þar á meðal spillingu, brot á mannréttindum, mismunun eða einelti, brot á hugverkaréttindum og hugsanlegar öryggisógnir. Stefna Alcoa gegn hefndaraðgerðum bannar öllum að grípa til aðgerða gegn starfsmönnum fyrir að spyrja spurninga eða koma á framfæri áhyggjuefni í góðri trú.

8.5 Öryggi

Alcoa Fjarðaál starfar í samræmi við eigin stefnu og stefnu móðurfélagsins í umhverfis, heilsu og öryggismálum. Rík áhersla er lögð á öryggi og heilsu starfsfólks og verktaka. Unnið er markvisst að því að draga úr slyshættu, lágmarka mengun, efla heilsu og tryggja öruggt vinnuumhverfi.

Til þess að greina hættur, meta aðstæður og fyrirbyggja frávik eða slys er stuðst við hugmyndafræði „Mannlegrar hegðunar“ og hefur það gefið góða raun. Starfsfólk beitir einnig aðferðafræði sem kallast „Stjórnun helstu áhættuþátta“ til að tryggja að viðeigandi varnir gegn þekktum hættum

séu ávallt til staðar. Lögð er sérstök áhersla á rétt starfsfólks til að stöðva verk og leita aðstoðar ef það upplifir óöryggi eða skort á þekkingu við framkvæmd verks. Jafnframt er skylt að halda verkfund áður en vinna hefst, sérstaklega þegar hættu á slysum er talin vera til staðar.

Markvisst er unnið að umbótum í starfsumhverfi til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks. Öll slys og óhöpp eru skráð til að læra af þeim. Félagið er vottað af OHSAS 18001 heilsu- og öryggisstjórnunarkerfinu. Allt starfsfólk fær grunnþjálfun í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Hjá Alcoa Fjarðaáli eru starfandi heilsu- og öryggisnefndir en hlutverk þeirra er að stuðla að heilbrigði og öryggi á vinnustaðnum. Nefndirnar vinna að ýmsum málefnum og koma að þjálfun svo sem í fallvörnum, útlæsingum og hættulegum efnum. Jafnframt stuðla nefndirnar að ýmsum endurbótum sem miða að því að gera vinnustaðinn öruggari með því að útrýma hættum og bæta vinnuaðstöðu og verklag.

8.5.1 Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi

Slys, „næstum því slys“ og frávik gagnvart heilsu og öryggi eru skráð inn í atvikaskráningakerfi og tilkynnt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Framkvæmdar eru rötargreiningar og fyrirbyggjandi aðgerðir innleiddar til þess að sams konar atvik endurtaki sig ekki. Á árinu 2025 voru skráð 46 „næstum því slys“ og þrjú „fjarveruslys“ þar sem starfsfólk slasaðist og gat af þeim sökum ekki sinnt sínum hefðbundnu störfum. Framkvæmdar voru 24.652 öryggisúttektir árið 2025 samanborið við 19.502 úttektir árið á undan. Þessar úttektir eru afar mikilvægar fyrir öryggi starfsfólks en markmiðið er að greina tækifæri til umbóta í öryggismálum áður en slys eiga sér stað. Auk þess stuðla úttektir að aukinni viðveru stjórnenda á framleiðslusvæðunum og því að röng hegðun sé leiðrétt á staðnum. Sýnt hefur verið fram á fylgni milli tíðni úttekta og fækkunar slysa.

8.6 Heilsa og velferð

Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á heilsu og velferð starfsfólks og vinnur markvisst að því að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma, svo sem öndunarfærasjúkdóma, heyrnarskerðingu, húðvandamál og langvarandi stoðkerfisvanda. Árlega eru framkvæmdar umfangsmiklar mælingar til að tryggja heilnæmt vinnuumhverfi, þar á meðal hljóðmælingar og mælingar á loftgæðum.



Alcoa Fjarðaál starfrækir vel útbúna heilsugæslu með tveimur hjúkrunarfræðingum í fullu starfi og reglulegri viðveru lækna. Jafnframt starfar þar sérfræðingur í vinnuvistfræði. Megináhersla er lögð á forvarnir gegn atvinnutengdum sjúkdómum. Starfsfólk fær fræðslu um viðeigandi varnir og leiðir til að hlúa að eigin vellíðan og öryggi í starfi.

8.6.1 Nýtt vaktakerfi

Hjá Fjarðaáli hefur verið lögð mikil áhersla á að vaktakerfi mæti óskum sem flestra. Í september 2022 var tekið upp nýtt átta tíma vaktakerfi. Lagt var upp með að kerfið yrði endurskoðað að ári líðnu og árangur breytinganna metinn. Frá seinni hluta árs 2023 og allt árið 2024 var lögð mikil vinna í að ná stöðugleika í framleiðslu og ákveðið var að fresta vinnu við endurskoðun vaktakerfis. Sú vinna hófst í nóvember 2024 og fengnir voru utanaðkomandi aðilar til að vinna greiningarvinnu og tillögur að framkvæmd. Í desember gerði Gallup könnun meðal vaktavinnufólks hjá Fjarðaáli þar sem spurt var um viðhorf til vaktakerfa. Þátttaka í könnuninni var 89% og niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundum í upphafi árs 2025. Í framhaldi voru skipulagðar vinnustofur með vaktavinnufólki. Á fundum með öllum framleiðsluteymum vorið 2025 voru svo



kynntar tillögur að vaktakerfum sem starfsfólk valdi á milli.

Niðurstaðan af allri þessari vinnu varð sú að frá byrjun febrúar 2026 verða tvö ný vaktakerfi prófuð samhliða, annað með átta tíma vöktum og hitt með tólf tíma vöktum. Meirihluti starfsfólks í kerskála og á viðhaldsvakt valdi að prófa tólf tíma vaktakerfi, þar sem unnar eru ýmist fjórar dagvaktir eða fjórar næturvaktir í röð og sex sólarhringa frí er á milli vaktalotna. Annað vaktavinnufólk fer á átta tíma vaktakerfi þar sem unnar eru sex vaktir á fimm sólarhringum og fimm sólarhringa frí er á milli vaktalotna. Hver átta tíma vaktalota byrjar á tveimur dagvöktum, síðan er skipt yfir á tvær næturvaktir og svo endað á tveimur kvöldvöktum. Tveimur mismunandi vaktakerfum fylgir aukinn kostnaður en fyrirtækið vill koma til móts við óskir starfsfólks eins og frekast er kostur. Ákvarðanir um framhaldið verða svo teknar í ljósi reynslu starfsfólks af vaktakerfunum.

8.6.2 Velferðarþjónusta

Öflug velferðarþjónusta er rekin fyrir starfsfólk Fjarðaáls og nánustu ættingja þess. Árið 2025 var skipt um samstarfsaðila og fyrirtækið Kara Connect veitir nú þjónustuna í stað Heilsuverndar. Á hverju ári getur starfsfólk fengið sex klukkutíma þjónustu hjá breiðum

hópi fagaðila sér að kostnaðarlausu, til dæmis fjármálaráðgjöf, lögfræðiaðstoð, sálfræðiráðgjöf, lífsstílsráðgjöf og svefnráðgjöf. Velferðarþjónustan er án milligöngu stjórnenda eða sérfræðinga Fjarðaáls. Fullur trúnaður er viðhafður og upplýsingar um notkun einstakra starfsmanna á þjónustunni eru ekki aðgengilegar fyrirtækinu. Hver starfsmaður hefur sitt eigið velferðartorg á vefsvæði Kara Connect þar sem hægt er að pantatíma, fylgjast með stöðu inneignar og sækja margvíslega þekkingu.

8.6.3 Heilsueflingarnefnd

Heilsueflingarnefnd starfsfólks hefur lengi verið starfandi hjá Alcoa Fjarðaáli og skipuleggur hún reglulega viðburði sem stuðla að aukinni fræðslu og meðvitund um heilsu og vellíðan, bæði í vinnu og utan hennar.

8.6.4 Heilsugæsla

Heilsugæsla er starfrækt í álveri Alcoa Fjarðaáls og er hún opin alla virka daga frá kl. 8 til 16. Þar starfa tveir hjúkrunarfræðingar og veita fjölbreytta þjónustu sem ætlað er að efla heilsu, öryggi og vellíðan starfsfólks. Læknar hafa þar jafnframt reglulega viðveru. Heilsugæslan sér um heilsufarsskoðanir, grímumátun, heyrnarhlífamátun, skyndihjálparkennslu og skipulagningu á viðveru lækna. Heilsugæslan sinnir einnig

heilsutengdri fræðslu og ráðgjöf, fylgir starfsfólki eftir í veikindum og tekur á móti fólki sem snýr til baka eftir slys eða veikindi. Þá tryggir heilsugæslan að vinnustaðurinn uppfylli reglugerðir og heilsustaðla fyrirtækisins og tekur þátt í rannsóknum á heilsutengdum atvikum.

Á árinu 2025 fóru 134 starfsmenn í reglubundna læknisskoðun, 314 í öndunarmælingu og 395 í heyrnarmælingu. Á árinu 2025 voru 68 læknisskoðanir vegna nýráðninga og 52 læknisskoðanir vegna sumarráðninga.

8.7 Hlunnindi fastráðins starfsfólks

Hjá Alcoa Fjarðaáli er glæsilegt mótuneyti og fyrirtækið greiðir fyrir matinn sem telst til skattskyldra hlunninda starfsfólks. Starfsfólk hefur aðgang að heilsugæslu á vinnustaðnum. Boðið er upp á fríar rútufurðir til og frá vinnu. Á aðalbílastæði fyrirtækisins eru sex hleðslutenglar fyrir rafbílur sem starfsfólk getur nýtt á vinnutíma. Notkun tenglanna hefur verið góð frá uppsetningu og samhliða hefur rafbílum í eigu starfsfólks fjölgað milli ára.

Fyrirtækið gefur starfsfólki sínu jólagjöf á hverju ári og eins fær starfsfólk páskaegg fyrir páskana. Jafnframt er sú gjöf nýtt til góðgerðarmála, þar sem Alcoa Fjarðaál styður góð málefni með kaupum á páskaeggjum fyrir starfsfólk.

Starfsfólki gefst kostur á að sækja um styrki vegna líkamsræktar, gleraugnakaupa, heyrnartækja, laseraðgerða á augum, meðferðar hjá hnykkklækni, sjúkráþjálfara, nuddara eða fótaaðgerðasérfræðingi og vegna göngugreiningar og innleggja í skó. Ristilspeglun í forvarnarskygni gegn krabbameini fyrir 50 ára og eldri er einnig að fullu greidd.

8.8 Starfsþróun og endurmenntun


Alcoa Fjarðaál leggur mikinn metnað í menntun, þjálfun og fræðslu starfsfólks. Á árinu 2025 varði starfsfólk Alcoa Fjarðaáls 34.383 vinnustundum til þjálfunar og notaði því hvert og eitt um 3,8% af sínum vinnutíma til þjálfunar að meðaltali. Hlutfallið lækkaði líttilliga milli ára vegna fækkunar nýráðninga og breytinga á nýliðapjálfun.

Á árinu 2024 fór fram mikil endurskoðun á

fræðslustarfi Alcoa Fjarðaáls. Meginmarkmið þessarar endurskoðunar var að nútímavæða námsefnið og einfalda aðgengi með tilheyrandi sparnaði og hagræðingu fyrir starfsfólk. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að stór hluti þjálfunar hjá Fjarðaáli árið 2025 fór fram á rafrænu formi. Þar má nefna að svokallað aðgangsnámskeið, sem veitir starfsfólki og verktökum aðgang að starfssvæði Fjarðaáls, er nú alfarið rafrænt. Jafnframt var árið 2025 innleitt hæfnikerfið AVIA frá Akadémias til að halda utan um hæfni og námskeið verktaka sem starfa á lóð Fjarðaáls. Að auki var keyptur aðgangur að Vinnustaðaskóla Akadémias fyrir allt starfsfólk Alcoa Fjarðaáls.


Alcoa Fjarðaál býður starfsfólki sem uppfyllir tiltekin skilyrði að stunda nám við Stóriðjuskóla Alcoa Fjarðaáls, sem skiptist í grunnnám og framhaldsnám. Skólinn er samstarfsverkefni Alcoa Fjarðaáls og Austurbrúar. Frá því að starfsemi hófst haustið 2011 hafa alls 343 nemendur lokið námi, þar af 189 úr grunnnámi og 154 úr framhaldsnámi. Á árinu 2025 útskrifuðust 20 nemendur úr grunnnámi skólans.

Hugmyndin að Stóriðjuskólanum á rætur sínar að rekja til álversins í Straumsvík, en



Mynd 13

Þjálfun sem hlutfall af heildarvinnustundafjölda



34.383 vinnustundir til þjálfunar eða um **3,8%** af vinnutíma til þjálfunar að meðaltali

Þjálfunartímar
Hlutfall af vinnutíma

Tafla 9

Starfsmannavelta eftir kyni

	2021	2022	2023	2024	2025
Karl	9%	8%	11%	7%	8%
Kona	5%	3%	4%	3%	3%
Samtals	14%	11%	15%	10%	11%

námið hefur verið sérsníðið að þörfum Alcoa Fjarðaáls. Skólinn er bæði fyrirtækinu og starfsfólki þess til hagsbóta. Starfsfólk eykur þekkingu sína með náminu og að loknu námi fylgir launahækkun samkvæmt kjarasamningi. Fyrirtækið nýtur á móti ávinningsins með hæfara starfsfólki sem getur axlað aukna ábyrgð og veitt reynsluminna samstarfsfólki leiðsögn, sem er lykilatriði fyrir stöðugleika og rekstraröryggi verksmiðjunnar. Hluti námsins er jafnframt metinn til stúdentsprófs og myndar góðan grunn fyrir áframhaldandi nám.

Á árinu 2025 voru 30 starfsmenn útskrifaðir úr ASE stjórnendanámi Alcoa. ASE stendur fyrir Advancing Supervisory Excellence og er hugsað fyrir alla stjórnendur og framtíðarstjórnendur hjá Fjarðaáli.

Um 40 manns stunduðu íslenskunám á vegum fyrirtækisins á árinu 2025 auk þess sem 60 starfsmenn nýttu sér snjalllausnina Bara Tala til að læra íslensku.

Tafla 10

Starfsmannavelta eftir aldurshópi (m.v. heildarfj. stm.)

	2021	2022	2023	2024	2025
18-20	1%	2%	1%	0%	1%
21-25	3%	2%	3%	2%	2%
26-30	3%	2%	3%	2%	2%
31-35	1%	1%	2%	2%	1%
36-40	1%	1%	2%	1%	1%
41-45	1%	1%	1%	1%	1%
46-50	1%	1%	1%	1%	1%
51-55	1%	0%	0%	0%	1%
56-60	0%	1%	0%	0%	0%
61-66	0%	1%	1%	1%	0%
66-	1%	1%	1%	0%	1%
Samtals	14%	12%	15%	10%	11%



Tíðni slysa	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Fjarveruslys	1	0	2	0	1	1	4	3	3
Næstum-því-slys	12	13	11	5	6	8	17	45	46
Tíðni fjarveruslysa	0,23	0	0,46	0	0,23	0,22	0,68	0,45	0,39
Tíðni meðferðaslysa	2,71	2,05	2,54	3,5	3,06	2,38	2,57	1,94	2,08
Tíðni allra slysa	14,26	16,4	14,33	16,44	15,8	13,73	16,16	21,39	14,66
Tíðni fjarveru og vinnutakmarkana	0,9	0,45	1,62	1,4	1,4	1,22	0,68	2,08	2,08
Öryggisúttektir - samtals									24.652



Útskriftarhópur úr Stóriðjuskóla Fjarðaáls 2025

8.9 Samfélagsmarkmið 2025 – árangur

Klára greiningarvinnu á vaktakerfinu og taka ákvörðun um framtíð kerfisins, með tilliti til velferðar starfsfólks, heilsu og öryggis. Markmið náðist að hluta. Greiningarvinnu á vaktakerfinu lauk og prufutímabil með breyttu fyrirkomulagi hófst árið 2025. Ákvörðun um framtíð kerfisins verður tekin að prufutímabili loknu.

Ljúka innleiðingu nýs skipulags á vaktaskiptafundum með áherslu á öryggismál á öllum framleiðsluvæðum álversins. Markmið náðist. Staðlað fyrirkomulag vaktaskiptafunda hefur verið innleitt á öllum framleiðsluvæðum, með markvissa áherslu á öryggismál.

Festa ársfjórðungslega fundi jafnréttisnefndar í sessi hjá Fjarðaáli. Markmið náðist ekki. Fyrirkomulag verður tekið til skoðunar á árinu 2026.

Færa allt fræðsluefni fyrir starfsfólk yfir á rafrænt form. Markmið náðist að hluta. Öll endurmenntun starfsfólks er nú aðgengileg á rafrænu formi. Eftir nánari rýni var ákveðið að hluti fræðsluefnis verði áfram í öðru formi en rafrænu, þar sem það þykir betur henta tilgangi og framkvæmd.




Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á opið, gagnsætt og markvisst samtal við hagsmunaaðila og hefur það að leiðarljósi að vera traustur og ábyrgur þátttakandi í nærsamfélaginu. Fyrirtækið leitast við að skapa jákvæð og varanleg áhrif með því að byggja upp gott samstarf við íbúa, sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök í nærsamfélaginu.

Stjórnendur og lykilstarfsmenn eiga í reglulegum og skipulögðum samskiptum við helstu hagsmunaaðila, þar sem áhersla er lögð á gagnkvæma upplýsingagjöf og samráð um málefni sem snerta starfsemi fyrirtækisins og þróun samfélagsins. Með þessu er stuðlað að auknu trausti, betri ákvarðanatöku og sameiginlegri sýn um sjálfbæra þróun.

Alcoa Fjarðaál leggur einnig sitt af mörkum til samfélagsins með markvissum fjárframlögum og stuðningi við fjölbreytt verkefni. Í gegnum Samfélagssjóð Fjarðaáls og með styrkjum frá Alcoa Foundation, er lögð sérstök áhersla á verkefni sem efla menntun, umhverfisvernd, lýðheilsu og samfélagsþróun á áhrifasvæði álversins. Við val á verkefnum er horft til langtímaáhrifa og þess hvernig þau styðja við sjálfbærni og velferð samfélagsins.

Fyrirtækið hefur frá upphafi rekstrar vakt að lykilsamfélagsvísa til að meta áhrif starfseminnar á nærsamfélagið. Þessi vöktun nær meðal annars til þátta á borð við atvinnuþátttöku, efnahagsleg áhrif, lýðheilsu, menntun og viðhorf íbúa. Niðurstöður eru nýttar til að greina tækifæri til umbóta og tryggja að starfsemi fyrirtækisins samræmist þörfum og væntingum samfélagsins.



9.1 Efst á baugi 2025

Sögur að austan

Í byrjun árs 2025 hóf Fjarðaál samskiptaverkefnið Sögur að austan, sem opnar glugga inn í daglegt líf starfsfólks sem vinnur fjölbreytt störf og leggur sitt af mörkum til samfélagsins á Austurlandi. Í stuttum og persónulegum myndböndum segja starfsmenn frá starfi sínu, leiðinni að Fjarðaáli og því sem veitir þeim innblástur í vinnu og leik. Myndböndin birtast reglulega á Facebooksíðu Fjarðaáls, þar sem íbúar geta fylgst með og kynnst fólkinu á bak við verksmiðjuna. Markmiðið er að efla gagnsæi, styrkja tengsl við nærsamfélagið og minna á að árangur Fjarðaáls byggir fyrst og fremst á fólkinu okkar.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Alþjóðlegur baráttudegi kvenna var fagnað hjá Fjarðaáli 8. mars, líkt og undanfarin ár. Í tilefni dagsins var birt sérstakt myndband þar sem konur úr ólíkum deildum sögðu frá starfi sínu, hvað þær kunna best að meta við vinnudaginn og hvaða atriði skipta þær mestu máli í vinnu og leik. Deginum var jafnframt ætlað að minna á mikilvægi jafnréttis í daglegum starfsháttum fyrirtækisins.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Það var líf og fjör á Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupstað, þar sem hópur starfsfólks Fjarðaáls tók á mótí forvitnum og fróðleiksfúsum gestum á öllum aldri. Markmiðið með þátttökunni var að kynna tæknina, störfin og fólkið sem stendur að baki rekstrinum á Reyðarfirði, og skapa vettvang þar sem ungir sem aldnir gátu spurt spurninga og prófað sig áfram. Eins og áður vakti fallvarnarbúnaðurinn mikla kátínu og börnin skemmtu sér vel við að prófa búnaðinn í öruggum aðstæðum.

Opinn íbúafundur

Á árinu 2025 stóð Alcoa Fjarðaál fyrir opnum íbúafundi á Reyðarfirði þar sem íbúum gafst tækifæri til að hitta fulltrúa fyrirtækisins og fá innsýn í starfsemi álversins. Á fundinum voru kynntar helstu áherslur og niðurstöður ársins 2024, auk þess sem stjórnendur sátu fyrir spurningum og ábendingum úr sal. Markmiðið með fundinum var að skapa vettvang fyrir opið samtal við íbúana, efla gagnsæi og styrkja tengsl fyrirtækisins við nærsamfélagið.

Plokkdagur í álverinu

Hópur starfsfólks Fjarðaáls tók sér frí frá hefðbundnum störfum í lok maí og hélt

árlegan Plokkdag á svæðinu í og við álverið. Plokkað var víða um lóðina þar sem starfsfólk safnaði saman rusli sem hafði fokið til á vetrarmánuðum. Að loknu plokki var þátttakendum boðið upp á kaffi og meðlæti í matsalnum, í þakklætisskyni fyrir vel unnið verk.

Plokkdagurinn er orðinn fastur liður í umhverfis- og samfélagsstarfi Fjarðaáls og minnir á mikilvægi sameiginlegs átaks þegar kemur að því að halda umhverfinu hreinu og snyrtilegu.

Alcoa Fjarðaál hlaut Sjálfbærniásinn

Alcoa Fjarðaál hlaut hæstu einkunn í flokki álframleiðenda í Sjálfbærniásnum 2025. Þetta er annað árið í röð sem fyrirtækið hlýtur þessa viðurkenningu, og hækkaði einkunnin töluvert milli ára. Hækkunin endurspeglar aukið traust almennings á sjálfbærniáherslum Fjarðaáls og staðfestir áframhaldandi framfarir í gagnsæi, samfélagsábyrgð og umhverfisstjórnun. Sjálfbærniásinn er mælikvarði sem metur viðhorf almennings til frammistöðu íslenskra fyrirtækja og stofnana í sjálfbærnimálum. Könnunin sem liggur til grundvallar samanstendur af sex spurningum sem meta hvernig neytendur upplifa þátttöku fyrirtækja í samfélagsmálum, hvort þau hagi starfsemi sinni með velferð viðskiptavina að leiðarljósi og hvort þau vinni markvisst að því að draga úr sóun og rekstrarálagi á umhverfið. Niðurstöðurnar gefa mikilvæga vísbendingu um traust og orðspor fyrirtækisins í samfélaginu og hvernig sjálfbærnistefna þess nær til almennings.



Frá Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupstað



Fögnum fjölbreytileikanum

Júní mánuður er tileinkaður hinseginleikanum á heimsvísu undir yfirskriftinni PRIDE og tekur Alcoa virkan þátt í að fagna honum. EAGLE er einn af fjórum inngildingarhópum sem starfræktir eru innan Alcoa á heimsvísu. Í EAGLE er unnið að jafnréttismálum hinsegin fólks í víðu samhengi og baráttumál samtakanna byggjast á virðingu og jöfnum tækifærum. Í tilefni mánaðarins var starfsfólki boðið að taka þátt í skemmtilegu myndaverkefni þar sem hægt var að taka myndir með sérstökum regnbogamyndarömmum. Rammarnir gerðu fólki kleift að sýna stuðning á einfaldan, skapandi og litríkan hátt.

Árlegt kvennakaffi

Frá því álverið hóf rekstur hefur skapast hefð fyrir því að bjóða konum á Austurlandi saman á kvenréttindadaginn 19. júní. Árið 2025 hélt Fjarðaál áfram þessari góðu hefð og bauð konum úr nærsamfélaginu í Kvinnakaffi í matsal fyrirtækisins þar sem boðið var upp á veitingar og fjölbreytta skemmtidagskrá. Á svið stigu Vigdís Diljá Óskarsdóttir, stjórnandi samskipta og samfélagsmála hjá Fjarðaáli, Líneik Anna Sævarsdóttir, stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu

hjá Fjarðabyggð og fyrrum alþingiskona, Birna Guðmundsdóttir, öryggissérfræðingur og tengiliður Alcoa Women's Network, auk Nönnu Imsland og Friðriks Jónssonar sem sáu um tónlistarflutning og sköpuðu hlýlegt andrúmsloft.

Viðburðurinn dregur fram mikilvægi jafnréttis í daglegum starfsháttum fyrirtækisins og þá staðreynd að markmið Fjarðaáls hefur frá upphafi verið að byggja upp vinnustað þar sem jafnræði, virðing og jöfn tækifæri eru í forgrunni. Það var fyrirtækinu sönn ánægja að bjóða konum á Austurlandi að fagna saman á þessum mikilvæga degi og halda áfram þeirri hefð sem hefur fest sig í sessi sem einn af helstu samfélagsviðburðum ársins.

Bleikur október

Bleikur október er árlega helgaður baráttunni gegn brjóstakrabbameini og hefur fest sig í sessi sem mikilvægur hluti forvarnarstarfs og vitundarvakningar á landsvísu. Í október 2025 tók Fjarðaál virkan þátt í málefnum með fræðslu og viðburðum sem tengslanet kvenna hjá Alcoa (Alcoa Women's Network eða AWN), einn af fjórum inngildingarhópum Alcoa á heimsvísu, skipulagði.



Árlegt kvennakaffi Alcoa Fjarðaáls

Þriðjudaginn 21. október heimsótti Hrefna Eyþórsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Austfjarða, starfsfólk Fjarðaáls og hélt fræðsluerindi. Hún fór einnig um kaffistofur framleiðsluvæðanna, þar sem starfsmenn gátu kynnt sér forvarnir og fengið svör við spurningum um mikilvægi reglubundinna skimana og öðlast þekkingu á einkennum sjúkdómsins.

Daginn eftir, miðvikudaginn 22. október, var boðið upp á sérstakan bleikan eftirrétt í mötuneytinu í tilefni Bleika dagsins, sem minnti á mikilvægi samstöðu og stuðnings í baráttunni gegn krabbameini.

Jólatrésskemmtun Sóma

Starfsmannafélagið Sómi hjá Alcoa Fjarðaáli hélt árlega jólatrésskemmtun dagana 15. og 29. nóvember. Hefðin hefur fest sig í sessi sem einn af skemmtilegustu viðburðum ársins fyrir starfsfólk og fjölskyldur þeirra. Alls mættu 212 manns á fyrri skemmtunina. Aron Leví Beck og Karítas Harpa Davíðsdóttir spiluðu og sungu, auk félaga úr Harmonikkunnendum í Norðfirði. Skreytt voru 70 piparkökuhús, jólabingíó var á sínum stað og jólasveinar kíktu í heimsókn.

Sjálfbóðaliðaverkefni

Á hverju ári opnar Alcoa Fjarðaál fyrir umsóknir um svokölluð Action verkefni. Markmiðið með verkefnunum er að styrkja félagasamtök í nærsamfélaginu og hvetja starfsfólk til sjálfbóðastarfa. Starfsmaður sækir um styrk fyrir tilteknu verkefni og hvetur samstarfsfólk til þátttöku. Þegar átta eða fleiri sjálfbóðaliðar úr hópi starfsfólks gefa vinnu sína í verkefnið, veitir Fjarðaál félagasamtökunum fjárstyrk til framkvæmdanna.

Á árinu 2025 voru tvö Action-verkefni kláruð og eitt sem því miður þurfti að fresta:

Endurbætur á akstursbrautinni í Mýnesi á Egilsstöðum

Fyrsta Action-verkefni ársins var unnið á æfingasvæði Akstursíþróttaklúbbsins START, þar sem hópur sjálfbóðaliða frá Fjarðaáli tók höndum saman við að bæta aðstöðu fyrir öflugt barnastarf klúbbsins. Verkefnið fól meðal annars í sér að grjóthreinsa brautina og lagfæra stikur, merkingar og girðingar. Markmiðið var að tryggja öruggt og aðgengilegt æfingasvæði fyrir yngstu iðkendurnar.

Endurreisn við Dagmálalæk á Seyðisfirði

Annað Action-verkefnið fór fram við Dagmálalæk á Seyðisfirði, þar sem unnið var að endurbótum á vinsælu útivistarsvæði. Sjálfbóðaliðar fjarlægðu leifar af gömlu skýli, lögðu til hleðslu og undirbyggðu svæðið fyrir nýtt skýli og bættu aðstöðu. Verkefnið stuðlaði að því að skapa fallegt og notalegt svæði sem nýtist bæði íbúum og gestum sem fara um þjóðarleiðina.

Uppsetning körfuboltavallar á Reyðarfirði – frestað vegna veðurs

Áætlað var að halda sérstakt Action-verkefni í samstarfi við Ungmennafélagið Val á Reyðarfirði, þar sem sjálfbóðaliðar ætluðu að aðstoða við uppsetningu á nýjum körfuboltavelli á skólalóðinni. Slæmt veður setti þó strik í reikninginn og var verkefninu frestað fram á næsta ár. Verkefnið verður tekið upp að nýju þegar aðstæður leyfa og er áfram mikilvægt skref í að efla útivistar- og íþróttaaðstöðu fyrir börn og ungmenni á svæðinu.



Hópur sjálfbóðaliða við Dagmálalæk á Seyðisfirði

9.2 Hagsmunaaðilar

Alcoa Fjarðaál hefur greint hagsmunaaðila félagsins með það fyrir augum að meta betur þarfir, áherslur og sameiginlega hagsmuni haghafa. Hagsmunaaðilar skiptast í beina hagsmunaaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðaumhverfi. Hagsmunaaðilagreining fyrirtækisins var gerð í samstarfi við ráðgjafa á vinnufundum með þverfaglegum hópum starfsfólks. Taldir voru upp hagsmunaaðilar og þeir skilgreindir eftir snertifleti og mikilvægi. Alcoa Fjarðaál er stórt fyrirtæki í litlu samfélagi og því fylgir mikil ábyrgð. Fyrirtækið hefur ávallt lagt mikið upp úr góðum samskiptum við fjölbreytta hópa hagsmunaaðila með reglulegum fundum og samstarfi. Slík tengsl eru lykilþáttur í því að byggja upp traust, styrkja sameiginlega sýn og tryggja að starfsemi álversins hafi jákvæð áhrif á samfélagið til lengri tíma.

9.2.1 Könnun meðal íbúa

Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins í nærsamfélaginu. Því skiptir sköpum að rækta það samband á markvissan hátt með samtali og samstarfi. Virkt samtali við samfélagið er ein af meginstöðunum í samfélagsstefnu Alcoa Fjarðaáls og árlega er mæld afstaða íbúa á Austurlandi til fyrirtækisins.

Árlega framkvæmir Gallup ímyndarkönnun sem mælir viðhorf til fyrirtækisins, traust og áhrif á samfélagið. Niðurstöður ársins 2025 sýna að jákvæðni gagnvart fyrirtækinu er áfram mjög sterk.

78,5% svarenda eru jákvæðir gagnvart Alcoa

Fjarðaáli, sem er nánast óbreytt frá fyrra ári, og aðeins 5,7% lýsa neikvæðri afstöðu. Meðaltalið er 5,3 sem er verulega hærra en samanburðargrunnur Gallup (4,6). Traust til fyrirtækisins helst einnig sterkt, þó með örlitlum sveiflum: 61,8% bera mikið traust til Alcoa Fjarðaáls, en þeim sem bera lítið traust fækkar lítilliga. Áhugavert er að eldri aldurshópar eru jákvæðari og bera meira traust en yngri hópar, þar sem lækkan sést hjá 18–29 ára.

Könnunin sýnir einnig að 92,8% telja að Alcoa Fjarðaál hafi jákvæð áhrif á búsetuskilyrði á Austurlandi, og ánægja með búsetu í fjórðungnum er mjög mikil en 93,3% segjast ánægðir með að búa á Austurlandi. Framlag fyrirtækisins til menningar- og samfélagsmála er metið hátt; 60,9% telja framlagið mikið, og þeim sem telja það „mjög mikið“ fjölgar úr 13,1% í 15,9%.

Þegar spurt er um lykilþætti samfélagsábyrgðar kemur fram að fyrirtækið stendur sig vel í flestum þáttum: 81,3% telja að Alcoa Fjarðaál standi sig vel í heilsu- og



Vandað til verka á akstursbrautinni á Mýnesi



Action-verkefni á æfingasvæði akstursípróttaklúbbsins Start

sjálfbærri framtíð Austurlands.

Á árinu voru greiddar tæplega 28 milljónir króna til ípróttafélaga á Austurlandi. Að auki fóru 3 milljónir króna til jólasjóða Fjarðabyggðar og Múlaþings.

9.3.2 Styrktarsjóður Alcoa Foundation

Á árinu 2025 studdi Alcoa Foundation fjölbreytt verkefni sem efla menntun, umhverfisvernd og samfélagsþróun á Austurlandi. Heildarupphæð úthlutaðra styrkja nam um 82 milljónum króna, sem endurspeglar styrki sem samþykktir voru á árinu.

Styrkirnir skiptust í tvo meginflokka, annars vegar verkefni á sviði umhverfis- og náttúruverndar og hins vegar samfélags- og menntaverkefni.

Áherslan á árinu var að styðja verkefni sem byggja upp þekkingu, efla sjálfbæra þróun og styrkja stoðir samfélagsins til framtíðar. Stærstu styrkir ársins fóru til verkefna á sviði náttúruverndar, rannsókna og fræðastarfs. Skálanes, Eastfjords TERN og Verkmenntaskóli Austurlands hlutu öll styrki á árinu 2025 á grundvelli þriggja ára úthlutunarsamninga. Stærstu styrkir ársins fóru til verkefna á sviði náttúruverndar, rannsókna og fræðastarfs. Skálanes, Eastfjords TERN og Verkmenntaskóli Austurlands hlutu öll styrki á árinu 2025 á grundvelli þriggja ára úthlutunarsamninga, þar sem greiddur hluti á árinu nemur um þriðjung heildarstyrks.

Skálanes fékk tæplega 19 milljón króna

styrk til áframhaldandi uppbyggingar fjölnota vísinda-, kennslu- og fræðslumiðstöðvar á Seyðisfirði. Verkefnið styður rannsóknir og fræðslu á sviði náttúruverndar með áherslu á verndun landslags og vistkerfa.

Eastfjords TERN, fjölþverfaglegt rannsóknaverkefni Southern Connecticut State University, hlaut styrk að upphæð tæplega 42 milljónum króna til rannsókna á líffræðilegri fjölbreytni og vatnsgæðum á Austurlandi með áherslu á sjálfbæra þróun. Verkefnið er unnið í samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum, sem tekur þátt í gagnasöfnun, vettvangsferðum og fræðslu fyrir nemendur. Með þessu samstarfi er byggður upp mikilvægur brúarstokkur milli alþjóðlegra háskólarannsókna og staðbundinnar menntunar og uppbyggingu þekkingar á Austurlandi.

Þá hlaut Verkmenntaskóli Austurlands styrk upp á rúmlega 14 milljónir til að endurbæta tæknibúnað og kennsluástöðu með það að markmiði að endurspeglar nútímakröfur iðnaðar- og tæknigreina. Með styrknum verður unnið að því að efla verklega þjálfun, draga skólann og atvinnulífið nær saman og undirbúa nemendur enn betur fyrir tæknistörf framtíðarinnar.

Í flokki samfélagsþátttöku starfsmanna (Employee Engagement) voru veittir styrkir til verkefna sem efla velferð og menningu. Styrkir í þessum flokki eru veittir í samstarfi við mannréttindahópa Alcoa á sviði inngildingar, jafnréttis og fjölbreytileika. Nánari umfjöllun um hópana má finna í kafla 8.3 um jafnréttismál.

Meðal styrkþega var Sólin, frístundaþjónusta fyrir börn og ungmenni með sérþarfir sem rekin er af Múlaþingi, sem hlaut rúmlega einnar milljónar króna styrk (í samstarfi við mannréttindahópinn ABLE). Austurbrú fékk jafnframt rúmlega einnar milljónar króna styrk til verkefnis sem miðar að því að stuðla að inngildingu og styðja við fjölmenningu með stofnun innflytjendaráðs í öllum sveitarfélögum á Austurlandi og fyrir landsvæðið í heild (í samstarfi við AWARE).

Að auki var Samtökunum 78 veittur rúmlega einnar milljónar króna styrkur til fræðsluverkefna á Austurlandi (í samstarfi við EAGLE). Aflíð, samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, naut einnig stuðnings að upphæð rúmlega ein milljón króna (í samstarfi við AWN), og Ungmennafélagið Valur fékk tæplega tveggja milljóna króna styrk (í gegnum Community Impact Campaign). Með þessum styrkjum leggur Alcoa Foundation sitt af mörkum til að styrkja samfélagið og umhverfið í anda sjálfbærni og samvinnu.

9.4 Sjálfbær þróun á Austurlandi

Árið 2025 var uppgjörssár í sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2004. Verkefnið hefur frá upphafi fylgst með áhrifum framkvæmda og reksturs Kárahnjúkavirkjunar og álversins í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Á árinu 2025 vann Austurbrú að heildaruppgjöri verkefnisins þar sem tekin voru saman gögn og þróun síðustu 20 ára, með áherslu á hvernig samfélags-, efnahags- og umhverfisvísar hafa breyst á byggingar- og rekstartíma álversins og virkjunar.


Sjálfbærni-verkefnið hefur frá upphafi miðað að því að fylgjast með þróun fjölbreyttra vísa sem gefa skýrar vísbendingar um stöðu og breytingar í samfélagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum þáttum á svæðinu. Uppgjörið verður kynnt á árinu 2026 og mun gefa heildstæða yfirsýn yfir áhrif verkefnisins og þær breytingar sem hafa orðið á Austurlandi á þessum tveimur áratugum.



Styrkveitingar 2025
- upphæðir eftir flokkum (krónur)

Action-styrkir	1.200.000
Öryggi og heilsa	12.200.000
Menning og félagsstörf	11.700.000
Íþróttir	27.430.000
Alcoa Foundation	32.200.000
Samtals	84.730.000

Jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls á Austurlandi



9.5 Samfélagsmarkmið 2025
– árangur

Auka sýnileika fyrirtækisins með auglýsingaherferðinni Sögur að Austan og öðru myndbandsefni á ólíkum miðlum. Markmiðið náðist. Á árinu 2025 var herferðin Sögur að Austan sett í loftið og birt á samfélagsmiðlum Fjarðaáls ásamt öðru stuttmyndbandsefni. Verkefnið jók sýnileika fyrirtækisins og styrkti tengsl við íbúa á Austurlandi.

Festa í sessi árlegan sameiginlegan fund með sveitarstjórnarfólki á Austurlandi. Markmiði náðist að hluta. Fjarðaál hélt áfram reglulegu samtali við sveitarstjórnarfólk í gegnum fundi yfir árið, en árlegur sameiginlegur fundur allra sveitarfélaga á Austurlandi náðist ekki að fullu á árinu 2025.

Klára innleiðingu á hnattrænu kerfi samfélagsábyrgðar (Social Performance Management System) í samræmi við ASI-staðalinn. Markmiðið náðist. Árið 2025 var innleiðingu kerfisins lokið í takt við kröfur ASI-staðalsins, og tengt við verklag og ferla í samfélagsstarfi Fjarðaáls.



10 Efnahagur og virðiskeðjan

Efnahagsleg áhrif og ábyrg stjórnun virðiskeðju eru lykilþættir í samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls. Fyrirtækið leggur áherslu á að stuðla að sjálfbærri uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að skapa verðmæti, styðja við fjölbreytta atvinnustarfsemi og efla samkeppnishæfni svæðisins til lengri tíma.

Alcoa Fjarðaál gegnir mikilvægu hlutverki í staðbundnu hagkerfi og vinnur markvisst að því að hámarka jákvæð efnahagsleg áhrif starfseminnar. Fyrirtækið býður reglulega út fjölbreytta stoðþjónustu og verkefni sem skapa tækifæri fyrir innlend fyrirtæki til að vaxa og þróast. Með þessu er stuðlað að aukinni þekkingu, nýsköpun og verðmætasköpun í nærsamfélaginu, auk þess sem fjölbreytni í atvinnulífi eykst.

Ábyrgð í virðiskeðju er órjúfanlegur hluti af starfsemi fyrirtækisins. Alcoa Fjarðaál gerir kröfur til viðskiptavina, birgja og þjónustuaðila um að starfa í samræmi við viðurkennd viðmið um samfélagslega ábyrgð, mannréttindi, vinnuvernd og umhverfisvernd. Slík viðmið eru meðal annars fest í samstarfssamningum, þar sem kveðið er á um siðferðileg viðmið og ábyrgð í rekstri. Fyrirtækið hvetur samstarfsaðila til stöðugra umbóta og aukins gagnsæis í eigin starfsemi.

Við val á birgjum og þjónustuaðilum er horft til heildaráhrifa, þar á meðal umhverfisstefnu, kolefnisspors, auðlindanýtingar og samfélagslegra þátta. Með þessu leitast Alcoa Fjarðaál við að draga úr neikvæðum áhrifum í virðiskeðjunni og styðja við sjálfbæra þróun í víðara samhengi.

Viðskiptasamningar milli tengdra félaga eru gerðir á markaðslegum forsendum og eru sambærilegir samningum við ótengd félög, í samræmi við fjárfestingasamning milli íslenska ríkisins og Alcoa sem og gildandi lög og reglur. Með því er tryggt að viðskipti séu gagnsæ, sanngjörn og í samræmi við alþjóðleg viðmið um góða stjórnarhætti.

Með markvissri nálgun að efnahagsáhrifum og ábyrgri stjórnun virðiskeðju leitast Alcoa Fjarðaál við að skapa langtímaverðmæti fyrir fyrirtækið, samstarfsaðila og samfélagið í heild.



10.1 Almennar upplýsingar

Í kerskálum Alcoa Fjarðaáls eru 336 ker sem framleiða ál. Þau eru endurnýjuð á 5-7 ára fresti. Á árinu 2025 voru að meðaltali um 333 ker í rekstri. Framleiðslan í kerskála var um 351 þúsund tonn sem er um 10 þúsund tonna aukning frá fyrra ári. Há gæði þess áls sem fyrirtækið framleiðir gera það að verkum að stór hluti af því er nýttur í virðisskapandi vörur líkt og álvír og melmi. Alcoa Fjarðaál sf. selur alla framleiðslu félagsins til sölufyrirtækis í Hollandi sem er í eigu Alcoa. Megnið af framleiðsluvörum fyrirtækisins fer síðan til evrópskra viðskiptavina. Súrálkaup Fjarðaáls á árinu 2025 voru 61% frá Alcoa of Australia Alumina og 39% frá Alcoa World Alumina LCC í Bandaríkjunum. Forskaut félagsins eru framleidd í Mosjøen í Noregi hjá Alcoa Norway ANS sem er í eigu Alcoa. Viðskiptasamningar milli tengdra félaga eru sambærilegir og við ótengd félög í samræmi við fjárfestingasamning ríkisins og Alcoa og gildandi lög.

10.2 Lykiltölur

Ástand á mörkuðum 2025 var nokkuð betra en á árinu 2024 og var meðalverð áls í kringum 2.600 USD á tonn samanborið við 2.400 USD á tonn árið áður. Hráfnisverð til álframleiðslu hækkaði hins vegar einnig á milli ára sem hafði áhrif á afkomuna líkt og sjá má á mynd 17.

Spár gera ráð fyrir vaxandi eftirspurn eftir áli og sérstaklega með lágu kolefnisfótspori. Kolefnisfótspor áls frá Alcoa Fjarðaáli er með því lægsta sem þekktist í álframleiðslu í heiminum. Framboð af áli frá Kína hefur haft veruleg áhrif á verðlagningu áls síðustu ár enda framleiðir Kína meirihluta þess áls sem notað er í heiminum. Ljóst er að í Kína er ekki framleitt hlutfallslega mikið af áli með lágt kolefnisfótspor.

Útflutningsverðmæti Alcoa Fjarðaáls á árinu 2025 nam 131 milljörðum íslenskra króna (1,0 milljarður USD) og af þeim tekjum urðu um 34% eftir í landinu, eða um 44,2 milljarðar króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu rúmlega 10 milljörðum íslenskra króna. Alcoa skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti, meðal annars í formi skattgreiðslna en félagið greiddi 2,3 milljarða króna í skatta og opinber gjöld¹ á Íslandi árið 2025 sem sjá má í töflu 13. Fjárfesting Alcoa

Fjarðaáls á sínum tíma var ein sú mesta sem um getur í Íslandssögunni en hún nam um 230 milljörðum króna á verðlagi þess tíma.

10.3 Fjármögnun fyrirtækisins

Árið 2003 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa. Samningurinn byggir á lögum 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði sem samþykkt voru frá Alþingi 11. mars sama ár. Samningurinn er opinber og öllum aðgengilegur á vef Alþingis. Fjarðaál hefur alla tíð starfað í samræmi við fjárfestingarsamninginn og almenn lög sem gilda í landinu. Í lok árs 2018 var fjármögnun Alcoa á Íslandi² endurskoðuð af móðurfélaginu. Eigið fé fyrirtækisins var aukið um 1.169 milljónir dollara og var það nýtt til að greiða niður skuld Alcoa á Íslandi við móðurfélagið um samsvarandi upphæð.



Alcoa Fjarðaál hefur mikil og jákvæð áhrif á íslenskan efnahag með öflun gjaldeyrstekna, innkaupum á innlendra vöru og þjónustu, greiðslu skatta og opinberra gjalda, sköpun fjölmargra vel launaðra starfa og almennum og víðtækum stuðningi við samfélagið á Austurlandi.

10.4 Samstarf við birgja

Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að stuðla að samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni í allri virðiskeðjunni. Alcoa fylgir eftir skýrum ferlum til að tryggja að birgjar uppfylli strangar kröfur um gæði, samkeppnishæfni og sjálfbæra starfshætti. Samstarf við birgja byggist á gildum félagsins, einkum heilindum, ábyrgð og gagnsæi, og stuðlar að traustum langtíma samböndum og hvatningu til umbóta og sjálfbærni.

Til að tryggja að birgjar starfi í samræmi við viðmið Alcoa um samfélagslega ábyrgð og siðferði fylgir Alcoa Fjarðaál verklagi og greiningaraðferðum móðurfélagsins. Framkvæmdar eru sjálfstæðar áreiðanleikakannanir á birgjum með það að markmiði að draga úr áhættu, tryggja lög og reglufylgni og styðja við siðferðilega viðskiptahætti. Ákveðnir birgjar eru háðir slíkri greiningu og engar athugasemdir hafa komið fram vegna birgja Fjarðaáls.

Fyrirtækið er einnig í samstarfi við Eco-Vadis, sem veitir viðurkennda greiningu á samfélagslegri ábyrgð birgja. Greiningin styður við stöðumat, eykur gagnsæi og



Tafla 13

Lykiltölur - upphæðir eru í milljörðum króna á gengi hvers árs

	2023	2024	2025
Launagreiðslur og launatengd gjöld, þar með tryggingagjöld	8,7	9,4	10,2
Samtals greiðslur Fjarðaáls til íslenskra aðila	42,5	44,4	44,2
Brúttó útflutningur milljarðar ISK	126,8	133,2	131,2
Hlutfall innlendra innkaupa af heildartekjum félagsins	34%	33%	34%
Samtals opinber gjöld	1,5	1,8	2,3
Meðallaun starfsmanna í milljónum kr. á ári	11,1	12,2	13,4

¹Opinber gjöld innihalda fasteignagjöld, vatnsskatt, gjöld til hafnarsjóða og tryggingagjöld

²Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarálf ehf. eru eignarhaldsfélög Alcoa Fjarðaáls sf.

auðveldar umbótastarf innan virðiskeðjunnar.

Árið 2023 innleiddi móðurfélagið áætlun um samstarf við birgja (Supplier Site Collaboration Program) sem Alcoa Fjarðaál styðst við við innleiðingu krafna um ábyrgð birgja innan álverslóðar. Verkefnið byggði á beinum samskiptum við birgja, viðtölum við starfsfólk og verktaka, fræðslu í samfélagsábyrgð og nýtingu tæknilausna til að auka skýrleika í upplýsingagjöf. Niðurstöður sýna að slíkt samstarf styrkir gagnsæi, traust og skapar raunveruleg tækifæri til umbóta. Allir birgjar sem vinna innan lóðar Alcoa Fjarðaáls þurfa að uppfylla forvalskröfur og svara árlega spurningum samkvæmt staðli fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að uppfylla lög og reglugerðir, með sérstakri áherslu á vinnuréttindi, spillingarvarnir, öryggi og umhverfismál. Þannig tryggir Alcoa að samfélagsleg ábyrgð sé samofin allri aðfangakeðjunni.

10.5 Samfélagsmarkmið 2025 – árangur

Framleiða 351.523 tonn af áli árið 2025. Markmið náðist ekki. Framleiðsla ársins endaði í 351.059 tonnum eða 464 tonnum undir markmiði. Ástæðan var seinkun á að stærri skaut væru tekin í notkun miðað við upphaflega áætlun sem hafði áhrif til lækkunar á framleiðslu.

Ljúka við innleiðingu stærri skauta í framleiðslu kerskála og styðja þannig við aukna orkunýtni við framleiðslu. Markmið náðist. Innleiðing á stærri skautum gekk eftir á árinu en þó 5 mánuðum á eftir áætlun vegna seinkunar á afhendingu á búnaði. Breytingar í skautsmiðju fóru fram í byrjun nóvember og notkun stærri skauta hófst í framhaldinu. Verkefnið gekk vel og árangur hefur þegar sett jákvætt mark sitt á framleiðslu í kerskála.





Fyrirtækið og upplýsingagjöf

2.1	Um fyrirtækið.		Alcoa Fjarðaál sf.	
2.2	Rekstrareiningar/aðilar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni.		Skýrslan fjallar um rekstur og starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.	
2.3	Skýrslutímabil, tíðni og samskiptaupplýsingar.		Skýrslutímabilið er frá 1.janúar - 31.desember 2025. Tengiliður er Vigdís Diljá Óskarsdóttir.	
2.4	Endursamsettar upplýsingar.		Þetta er tíunda sameiginlega árs- og sjálfbærnisáhrifsgjöf og fylgt er eftir GRI sjálfbærnisáhrifsgjöf.	
2.5	Ytri úttekt og vottun.		Langbrók ehf. aðstoðaði stýrihóp um samfélagsábyrgð við skýrslugerðina byggt á GRI mælikvarðanum. Sjálfbærnistefna Alcoa Fjarðaáls er samþykkt af stjórn og framkvæmdastjórn félagsins. Starfsemin er vottuð af ISO9001, ISO14001, ASI og ÍST 85:2012.	
2.6	Starfsemi, virðiskeðja og önnur viðskiptasambönd.		Alcoa Fjarðaál framleiðir ál með öruggum, hagkvæmum og sjálfbærum hætti.	
2.7	Starfsfólk		Mannauður	
2.8	Vinnuafli sem er ekki starfsfólk.		Mannauður	

Stjórnarhættir

2.9	Stjórnskipulag og skipurit.	Já	Fylgt er eftir stjórnarháttum móðurfélagsins.	
2.10	Tilnefning og val á æðstu stjórnendum.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.11	Stjórnarformaður/forstjóri.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.12	Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa af starfsemi.	Já	Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu félagsins sem er samþykkt einnig af framkvæmdastjórn. Stýrihópur um sjálfbærni ber ábyrgð á sjálfbærniáherslum og innleiðingu samfélagsábyrgðar Alcoa Fjarðaáls.	
2.13	Framsál ábyrgðar fyrir stýringu áhrifa.	Já	Sjálfbærniáherslur Alcoa Fjarðaáls sf. samþykktar af stjórn félagsins og fylgt er eftir stjórnarháttum móðurfélagsins.	
2.14	Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni.	Já	Forstjóri ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu félagsins og hún er samþykkt af framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn bera ábyrgð á þeim málaflokki sem snýr að þeirra rekstrareiningum/starfssviði.	

Stjórnarhættir

2.15	Hagsmunaárekstrar	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.16	Upplýsingagjöf um veigamikil atriði.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.17	Heildarþekking æðstu stjórnar.	Já	Framkvæmdastjórn Alcoa Fjarðaáls.	
2.18	Mat á frammistöðu æðstu stjórnar.	Já	Leiðbeiningar um stjórnarhætti - Alcoa Corporation.	
2.19	Starfskjarastefnur	Já	Allt starfsfólk fyrir utan framkvæmdastjóra eru kjarasamningsbundir. Laun framkvæmdastjóra taka mið af markaðslaunum starfsfólks í sambærilegum störfum hjá fyrirtækjum í sambærilegum iðnaði og þróun á milli ára.	
2.20	Launaákvörðunarferli	Já	Fylgt eftir starfsreglum móðurfélagsins.	
2.21	Árlegur launasamanburður.	Já	Árlega tekur Alcoa Fjarðaál þátt í kjarakönnunum PwC og Intellecta og ber laun hjá fyrirtækinu saman við þær kannanir. Þá er jafnlaunakerfið tekið út árlega.	

Stefna, stefnumið og starfshættir

2.22	Yfirlýsing um stefnu í sjálfbærni þróun.	Já	Stefna í sjálfbærni- og samfélagsábyrgð.	
2.23	Skuldbindingar samkvæmt stefnumiðum.	Já	Stefna í sjálfbærni- og samfélagsábyrgð er samþykkt af stjórn og framkvæmdastjórn Alcoa Fjarðaáls.	
2.24	Samþætting skuldbindinga samkvæmt stefnumiðum.	Já	Markmið eru sett og aðgerðir/ferlar innleiddir byggt á stefnu Alcoa.	
2.25	Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa.	Já að hluta	Neikvæð áhrif starfseminnar hefur verið kortlögð að hluta. Áframhaldandi greining er fyrirhuguð er varðar losun í virðisæðju (umfang 3) til að innleiða frekari mótvægisaðgerðir til framtíðar.	
2.26	Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna álitamál.	Já	Heilindalínan (Integrity Line - Alcoa Corporation).	
2.27	Samkvæmni við lög og reglur.	Já	Engin tilvik tilkynnt árið 2025.	
2.28	Aðild að samstarfi og félögum.	Já	Stjórnarhættir	

Stefna, stefnumið og starfshættir

2.29	Aðkoma hagsmunaaðila.	Já	Stjórnarhættir	
2.30	Kjarasamningar	Já	Allt starfsfólk, fyrir utan framkvæmdastjóra, starfar samkvæmt kjarasamningum. Kjör starfsfólks Alcoa Fjarðaáls sf. fylgja kjarasamningum SA og VR og þeir njóta hlunninda skv. þeim.	
3.1	Mikilvægisþættir	Já	Langbrók ráðgjöf í samstarfi við stýrihóp hefur unnið að mikilvægisgreiningu skýrslunnar.	

Efnahagur

201 - Fjárhagsleg frammistaða

201-1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast.	Já	Bein fjárhagsleg frammistaða líkt og birtist í ársreikningi.	
201-2	Efnahagslegur tilkostnaður og aðrar hættur sem skapast vegna loftlagsbreytinga.	Já	Starfsemi Fjarðaáls fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsa-lofttegunda í samræmi við lög 70/2012 um loftslagsmál.	
201-3	Tryggingar fyrirtæksins vegna bótaáætlunar.	Já	Auk lögbundinnar skyldutryggingar lífeyrisréttinda greiðir Alcoa sf. 4% af heildarlaunum starfsfólks í séreignarsjóð.	
201-4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera.	Já	Alcoa Fjarðaál fékk ekki fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera 2025.	

202 - Sýnileiki á markaði

202-1	Byrjunarlaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun á markaði.	Já að hluta	Mannauður	
202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins.	Já	9 af 15 meðlimum framkvæmdastjórnar komu úr nærsamfélagi árið 2025 eða 90%.	

203 - Óbein efnahagsleg áhrif

203-1	Áhrif fjárfestinga í innviðum og þjónustu.	Já að hluta	Samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls felst í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni fyrirtækisins og hafa jákvæð efnahagsleg áhrif í nærsamfélaginu. Alcoa Fjarðaál stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið.	
203-2	Óbein efnahagsleg áhrif.	Já að hluta	Efnahagur, skattaspor.	

Efnahagur

204 - Öflun aðfanga

201-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Já að hluta	Sjá kafla 10 (Tafla 13).	
-------	---	-------------	--------------------------	--

205 - Spilling - Áhættumat og aðgerðir

205-1	Áhættumat og aðgerðir til að auðkenna spillingu.	Já að hluta	Heilindalína n Siðareglur (Code of Conduct).	
205-2	Miðlun og þjálfun til að sporna við spillingu.	Já	Allt starfsfólk sem sinnir dagvinnu, rúmlega 150 fengu kennslu til að sporna við spillingu á árinu.	
205-3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir.	Já	Það eru engin staðfest atvik tilgreind á árinu.	

206 - Samkeppnismál

206-1	Heildarfjöldi lögsókna og niðurstöður mála er varðar brot á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokunar.	Já	Engin brot voru tilkynnt á árinu 2025.	
-------	---	----	--	--

207 - Skattar

207-1	Útlistun á skattaumhverfi, skattastefnu og upplýsingagjöf.	Já	Alcoa fylgir eftir almennum lögum sem gilda í landinu. Jafnframt hefur félagið fylgt eftir fjárfestingarsamningi sem var gerður við ríkisstjórn Íslands árið 2003.	
-------	--	----	--	--

Umhverfi

301 - Efnisnotkun

301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli.	Já	Umhverfi.	
301-2	Hlutfall nýttara efna sem koma frá endurvinnslu.	Á ekki við		
301-3	Tilvik um innkallaðar vörur og umbúðir.	Á ekki við		

302 - Orka

302-1	Orkunotkun innan fyrirtækis.	Já	Umhverfi	
302-2	Orkunotkun utan fyrirtækis.	Já að hluta	Umhverfi	
302-3	Orkunotkun á framleiðslueiningu.	Já	Umhverfi	
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun.	Já	Umhverfi	
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu.	Já	Umhverfi	

Umhverfi

303 - Vatn og frárennsli

303-1	Heildarvatnsnotkun eftir uppruna.	Já	Vatn er upprunnið frá vatnsbóli Fjarðabyggðar við Geithúsaá.	
303-2	Stjórnun og áhrif vatnsrennsli.	Já að hluta	Umhverfi	
303-3	Vatnsupptaka - Heildarrúmál notað og endurunnið.	Já	Umhverfi	
303-4	Aðgerðir til að draga úr vatnsnotkun.	Já	Umhverfi	
303-5	Aðgerðir til að draga úr vatnsnotkun vegna vöru og þjónustu.	Já	Umhverfi	

304 - Líffræðileg fjölbreytni












304-1	Starfsemi í nálægð við eða á vernduðum landssvæðum.	Á ekki við		
304-2	Áhrif starfsemi á líffræðilegan fjölbreytileika.	Já	Umhverfi	
304-3	Verndaður eða endurreistur jarðvegur.	Á ekki við		
304-4	Fjöldi tegunda á náttúruverndarlistum sem verða fyrir umhverfisáhrifum af starfsemi	Á ekki við		














305 - Loftslagsmál - Kolefnislosun

305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu.	Já	Umhverfi	
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (umfang 2).	Já	Umhverfi	
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 3).	Já að hluta	Umhverfi	
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu.	Já	Umhverfi	
305-5	Aðgerðir að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Já	Umhverfi	
305-6	Losun ósoneyðandi efna (ODS).	Nei	Fjarðaál notast ekki við ósoneyðandi efni í sinni framleiðslu.	
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs.	Á ekki við	Losun þessara lofttegunda er óverulegur hluti af heildarlosun fyrirtækisins.	

306 - Úrgangur og frárennsli

306-1	Heildar vatnsfrárennsli eftir viðtökustað og gæðum.	Á ekki við		
-------	---	------------	--	--

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
Umhverfi				
306 - Úrgangur og frárennsli				
306-2	Tegund úrgangs og ráðstöfunaraðferðir.	Já	Umhverfi	
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka.	Já	Umhverfi	
306-4	Flutningur og meðferð spilliefna.	Já	Flutningur spilliefna er samkvæmt ströngu verklagi og sérstakir gámar eru notaðir undir þennan úrgang. Spilliefni eru flutt sjóleiðina til vottaðra endurvinnsluaðila.	
306-5	Áhrif úrgangs/sorps á vatnssuppsprettu (306-5-a, b, c, e).	Já	Engu frárennsli er veitt frá starfsemi.	
307 - Umhverfislög				
307-1	Atvik tilgreind þar sem ekki var fylgt eftir umhverfislögum og/eða reglugerðum	Já	Umhverfi	
308 - Umhverfisáhrif birgja				
308-1	Greining á nýjum birgjum byggt á umhverfisviðmiðum.	Já	Alcoa Fjarðaál fylgir reglum móðurfélagsins.	
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif innan virðisæðunnar og mótvægisáðgerðir.	Já	ASI vottun. Alcoa Fjarðaál fylgir reglum móðurfélagsins.	
Félagsþættir				
401 - Atvinna				
401-1	Heildarfjöldi og hlutfall nýs starfsfólks og velta starfsfólks eftir aldurshópum.	Já	Nýráðningar og starfsfólksvelta (starfsfólksvelta er ekki skilgreind eftir búsetu).	
401-2	Hlunnindi starfsfólks sem er fastráðið í fullu starfi sem hluta- og eða lausráðið starfsfólk fær ekki.	Já	Hluta- og lausráðið starfsfólk fær sömu hlunnindi, að því undanskildu að aðeins fastráðið starfsfólk getur orðið hluthafar í félaginu.	
401-3	Fæðingarorlof - Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingarorlof.	Já	Mannauður, mynd 11 og 12.	
402 - Kjaramál				
402-1	Tilkynningar til starfsfólks varðandi breytingar á starfsemi fyrirtækisins.	Já	Liður 4.5 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ.	
403 - Vinnueftirlit				
403-1	Skipulag og stjórnun heilbrigðis og öryggismála.	Já	Öryggi	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
Félagsþættir				
403 - Vinnueftirlit				
403-2	Áhættumat, áhættugreining og rannsókn á slysum.	Já	Öryggi	
403-3	Vinnueftirlit er varðar hættuleg störf.	Já	Öryggi	
403-4	Þáttaka starfsfólks í fræðslu og forvörnum á heilsu og öryggi í starfi.	Já	Liður 7 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ.	
403-5	Heilsu- og öryggismálefni starfsfólks.	Já	Fræðsla og þjálfun.	
403-6	Fræðsla til starfsfólks varðandi heilsu.	Já	Heilsa og velferð.	
403-7	Forvarnir og inngríp í tengslum við heilsu og þjónustu starfsfólks tengt viðskiptasamböndum.	Já	Heilsa og velferð.	
403-8	Starfsfólk sem fellur undir sérstakt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi.	Já	Heilsa og velferð.	
403-9	Atvinnutengd slys.	Já	Heilsa og velferð.	
403-10	Atvinnutengdir sjúkdómar.	Já	Heilsa og velferð.	
404 - Menntun og þjálfun				
404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsfólk fær í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein.	Já	Öryggi. Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein.	
404-2	Námskeið eða þjálfun sem stuðla að því að efla tækifæri starfsfólks til framþróunar í starfi.	Já	Starfsþróun og endurmenntun. Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein.	
404-3	Hlutfall starfsfólks sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki.	Já að hluta	Starfsþróun og endurmenntun. Ekki flokkað eftir kyni og starfaflokki.	
405 - Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri				
405-1	Fjölbreytileiki stjórnarhátta og starfsfólks.	Já	Mannauður	
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfi og starfsstöðvum.	Já	Mannauður	
406 - Vinnuréttindi				
406-1	Brot á vinnuréttindum og mótvægisáðgerðir.	Já	Engin tilvik voru tilgreind er varðar brot á jafnréttis- og mannréttindastefnu félagsins.	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
Félagsþættir				
407 - Félagafrelsi				
407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru í áhættu varðandi brot á rétti einstaklinga til félagafrelsis og kjarasamninga.	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2025.	
408 - Vinna barna				
408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á réttindum barna.	Já	Alcoa Fjarðaál sf. framfylgir stefnu gegn barnaþrælkun. Engin tilkynnt frávik á árinu 2025.	
409 - Nauðungarvinna				
409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á vinnuréttindum starfsfólks.	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2025.	
410 - Mannréttindi				
410-1	Þjálfun starfsfólks í mannréttinda-stefnu eða verklagsreglum fyrir-tækisins.	Já	Alcoa Fjarðaál sf. fylgir eftir mannréttindastefnu sem er kynnt í nýliða-þjálfun starfsfólks.	
411 - Mannréttindi				
411-1	Atvik þar sem brotið er á réttindum frumbyggja.	Á ekki við		
412 - Mannréttindi				
412-1	Fjöldi atvika sem hafa varðað mannréttindabrot.	Á ekki við		
412-2	Þjálfun og fræðsla starfsfólks um mannréttindamál.	Já	Árlega eru haldin námskeið fyrir starfsfólk með fjár- og mannaforráð.	
412-3	Samningar sem innihalda mannréttindaákvæði eða voru kortlagðir með viðmið mannréttinda að leiðarljósi.	Á ekki við		
413 - Nærsamfélag				
413-1	Aðgerðir/verkefni í samstarfi við nærsamfélagið.	Já	Samfélagið	
413-2	Starfsemi sem gætu haft neikvæð áhrif á nærsamfélagið.	Já	Umhverfi	
414 - Samfélagsáhrif birgja				
414-1	Kortlagning á félagslegum krítérium nýrra birgja.	Já að hluta	Samstarf við birgja. Virðiskeðja.	
414-2	Neikvæð samfélagsáhrif í virðiskeðju og aðgerðir.	Já	Virðiskeðja	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
Félagsþættir				
415 - Stefna				
415-1	Fjárframlag stjórnvalda.	Já	Alcoa Fjarðaál sf. leggur ekki til nein fjárframlög til stjórnmalastarfs.	
416 - Öryggi og heilsa viðskiptavina				
416-1	Mat á áhrifum á heilsu og öryggi á sviði vöru og þjónustu.	Á ekki við		
416-2	Heilsa og öryggi - Tilvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum.	Já	Engin tilvik skráð á árinu.	
417 - Markaðsmál og merkingar				
417-1	Reglur varðandi merkingu á vöru og þjónustu.	Á ekki við		
417-2	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum varðandi merkingar á sviði vöru og þjónustu.	Á ekki við		
417-3	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir vinnuferlum í kynningar- og markaðsmálum.	Á ekki við		
418 - Persónuvernd viðskiptavina				
418-1	Kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina.	já	Engar kvartanir bárust vegna mögulegra brota á persónuvernd eða taps á gögnum viðskiptavina.	
419 - Persónuvernd viðskiptavina				
419-1	Atvik þar sem ekki er fylgt eftir lögum og reglugerðum á sviði félags- og efnahagsmála.		Alcoa Fjarðaál hlaut engar sektir á árinu 2025.	



Við framleiðum ál á öruggan, hagkvæman og samfélagslega ábyrgan hátt. Alcoa Fjarðaál uppfyllir lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem gerðar eru til fyrirtækisins. Alcoa Fjarðaál byggir upp fyrirtækjamenningu með sameiginlegri sýn um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi.

Í starfsemi sinni notar Alcoa Fjarðaál endurnýjanlega orku þar sem því er við komið og er með skilvirkt orkustjórnunarkerfi til að hámarka orkunýtingu.

Alcoa Fjarðaál skuldbindur sig til að vera með öruggt og heilbriggt vinnuumhverfi þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir vinnutengd meiðsli, atvinnusjúkdóma og stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði starfsfólks.

Með samráði við starfsfólk og þátttöku þess er stöðugt unnið að umbótum í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Markmiðið er ávallt að útrýma hættum í vinnuumhverfinu og lágmarka heilsufarslegan skaða. Starfsfólk Alcoa Fjarðaáls vinnur á öruggan og ábyrgan hátt og ber virðingu fyrir umhverfinu þar sem markmiðið er að vernda umhverfið með því að fyrirbyggja mengun eins og kostur er og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við fórnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

Heilindi

Við erum heiðarleg, ábyrg og fylgjum lögum og reglugerðum í hvívetna. Við tryggjum öryggi gagna og persónuupplýsinga fyrirtækisins. Við byggjum upp traust með opnum samskiptum við kaupendur, birgja og starfsfólk.

Árangur

Stöðugar umbætur eru undirstaða góðs árangurs Alcoa Fjarðaáls. Við stefnum ávallt að bestu gæðum og framleiðni til að mæta kröfum og fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við erum stöðugt að finna nýjar leiðir til að vernda umhverfið og starfsfólk á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt. Árlega setjum við okkur markmið og ráðumst í aðgerðir til að ná meiri árangri.

Umhyggja


Við finnum samkennd, vinsemd og virðingu í öllum samskiptum og metum framlag allra að verðleikum. Þannig myndum við gagnkvæmt traust og sköpum öryggi fyrir alla. Við hlustum, hjálpum og hrósum.

Hugrekki

Við leggjum grunn að framtíðinni með nýsköpun og stöðugum framförum. Við fögnum öllum tækifærum til að brjótast út úr hefðbundnum leiðum og höfum hugrekki til að setja fram og prófa nýjar hugmyndir.

Reyðarfjörður, mars 2026

Fernando Costa
Forstjóri Fjarðaáls



Ábyrgð og ritstjórn

Sandra María Ásgeirsdóttir
sandramaria.asgeirsdottir@alcoa.com
stjórnandi samfélagsábyrgðar

Ráðgjöf

Soffía S. Sigurgeirsdóttir,
Langbrók ehf.



Gildi Alcoa Fjarðaáls

Heilindi · Árangur · Umhyggja · Hugrekki

Alcoa Fjarðaál

Hrauni 1
731 Reyðarfjörður
470 7700
alcoa.is

